

Golfklúbbur Sauðárkróks



Aðalfundur GSS

9.desember 2014, kl.20:00

á Hlíðarenda.



Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar og nefnda
 1. Skýrsla formanns
 2. Mótanefnd
 3. Vallarnefnd
 4. Forgjafarnefnd
 5. Aganefnd
 6. Unglinganefnd
 7. Húsnefnd
 8. Fjáröflunarnefnd
 9. Kynningar og nýliðanefnd
 10. Skemmtinefnd
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar og varamanna.
5. Kosning í aðrar nefndir samanber 9.gr.
6. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
7. Kosning fulltrúa Golfþing GSÍ og á þing U.M.S.S.
8. Ákvörðun inntökugjalds samkv. 3gr.
9. Ákvörðun félagsgjalda samkv. 5.gr.
10. Önnur mál.



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Skýrsla formanns.....	5
Skýrsla mótanefndar	8
Skýrsla vallarnefndar	15
Skýrsla forgjafarnefndar.....	30
Skýrsla barna- og unglinganefndar.....	37
Skýrsla húsnefndar	40
Skýrsla nýliða - og kynningarnefndar	42
Skýrsla byggingar- og skipulagsnefndar	43
Lög Golfklúbbs Sauðárkróks	54
Nefndir og stjórn gss starfsárið 2012 - 2014	56
Tillaga stjórnar: félagsgjöld og gjaldskrá gss árið 2015.....	57



Úr barna –og unglingastarfi GSS – Hákön og Telma



Arnar Geir Hjartarson – holukeppnimeistari GSS 2014



Bænda- og freyjuglíma 2014 - Sigurvegarar í einstaklingskeppni



Uppskeruhátíð barna- og unglinga 2014



Keppendur í Opna Advaniamótinu 6.september



Skýrsla formanns

Stjórnina skipuðu: Pétur Friðjónsson form., Halldór Halldórsson varaform., Dagbjört Hermundsdóttir ritari, Ragnheiður Matthíasdóttir gjaldkeri, Rúnar Vífilsson form. vallarnefndar, Hjörtur Geirmundsson form. unglinganefndar, Sigríður Elín Þórðardóttir form. mótanefndar. Vallarstjóri er Guðmundur Þór Árnason.

Það má segja að allt sumarið sé notað til að laga Hlíðarendasvæðið og eru það vallarstjarsmenn undir skeleggri stjórn vallarstjórans sem vinna það verk. Ekki má gleyma mikilvægi þess sjálfbóðaliðastarfs sem unnið er né gera lítið úr þeirri vinnu sem félagar vinna fyrir klúbbinn en það verður ekki framhjá því lítið að oftast eru þetta sami hópurinn sem kemur að flestum verkefnum.

Stærstu framkvæmdir sumarsins voru ma bílaplan var lagað og bundið slitlag sett á hluta og einnig var hellulögn sett við skála og var þetta gerlegt með stuðningi frá Sveitarfélaginu.

Eitt ánægjulegasta vorverkefnið var ráðning þjálfara og var það Hlynur Þór Haraldsson sem var ráðinn. Hlynur og unnusta hans Fríður fluttu í fjörðinn í sumarbyrjun og er ljóst eftir sumarið hversu mikilvægt er fyrir starfsemi klúbbsins að hafa íslenskan atvinnuþjálfara á sínum snærum. Miklar framfarir urðu hjá ungum sem öldnum. Er það von mín að Hlynur og Fríður komi aftur næsta sumar og haldi áfram að koma að uppbyggingu hjá klúbbnum, svo ekki sé talað um ef þau myndu flytjast í Skagafjörð. Ég veit að klúbbsmeðlimir mundu taka þeim opnum örmum.

Það fjölgaði íslandsmeistaratittlunum á Hlíðarenda. Kvennasveit GSS stóð sig með glæsibrag þegar hún sigraði sveitakeppni GSÍ og vann sér þar með rétt til að spila í 1.deild að ári og einnig stóð karlasveit GSS sig vel þegar hún vann 4.deild í sveitakeppni GSÍ og mun því spila í 3.deild að ári. Ber að óska liðunum innilega til hamingju með þennan árangur!

Rekstrarniðurstaða ársins er ágæt. Einhver spyr hvernig hægt sé að vera sáttur við rúmlega 800þús. króna tap. Það er rétt að benda á í því samhengi er að samningur um slátt við sveitarfélagið er verðtryggður og var notuð undirvísitala. Eins og flestir vita þá stökkbreyttust margir verðtryggðir samningar og taldi stjórn GSS sig verða að sýna sanngirni og endurreiknaðu hluta verðtryggingar þannig að 1,5millj.króna var leiðrétt og lækkuðu tekjur sem því nemur.

Kostnaður og tekjur eru í flestum tilvikum vel ásættanlegar, er það helst vallargjöld sem valda vonbrigðum. Auglýsingatekjur og styrkir hækka milli ára en þetta er þær tekjur sem má segja að eru „ódyrastar“ fyrir klúbbinn. Því verður aldrei of oft kveðið hversu mikilvægt það er klúbbnum að hafa öfluga fjáröflunarnefnd.

Mörg verkefni býða nýrrar stjórnar. Klára þarf framtíðarskipulag klúbbsins með því að setja niður markmið vegna uppbyggingar á Hlíðarendasvæðinu fyrir næstu 20-30ár. Einn liður í því er að ná langtímasamkomulagi við Sveitarfélagið um fjárframlög til uppbyggingar því ekkert verður gert án fjármuna. Tól og tæki eru komin til ára sinna og er kominn tími til að endurnýja,er ljóst að það verður ekki gert án utanaðkomandi aðstoðar.



Góðir félagar það er mikil vinna sem fer í félagsstörf sambærileg og unnin eru hjá Golfklúbbi Sauðárkróks en er það jafnframt ánægjulegt og gefandi starfi. Nýliðar eru oft ragir við að taka þátt í starfinu og bera þá stundum fyrir sig kunnáttuleysi eða vanþekkingu. Þetta er misskilningur, öll byrjum við án nokkurrar kunnáttu og með því að koma að starfseminni lærum við af þeim sem meira eru sjóaðir í fræðunum og því vil ég hveta sem flesta félaga til vera með í nefndum eða koma að starfinu á annan hátt.

Nú er svo komið að undirritaður hefur ákveðið að draga sig í hlé sem formaður GSS og vil ég þakka öllu því góða fólki sem ég hef fengið að vinna með í gegnum árin, bæði sem formaður barna- og unglinganefndar og síðan sem formaður GSS. Félögum í stjórn GSS þakka ég sérstaklega fyrir samstarfið. Það eru forréttindi að fá að hafa fengið að starfa með ykkur að uppbyggingu á golfíþróttinni og golfsvæðinu, þessari „perlu“ sem Hlíðarendi er.

Öllum þeim sem hafa stutt klúbbinn í einhverju formi eru færðar bestu þakkir og jafnfram vill ég óska nýrri stjórn góðs gengis í störfum sínum. Nú munu formenn nefnda gera ítarleg skil á starfinu með skýrslum sínum.

Pétur Friðjónsson, formaður



Sigurveggar Ólafshúsmótaraðarinnar 2014, Ásgeir Björgvin og Ingvi Þór. Ásamt Magnúsi Gunnari sem vann lokamótið með forgjöf og Ella Sigga formaður mótanefndar.



Kvennamót GSS 6.júlí



Þáttakendur í Opna Hlíðarkaupsmótinu 26.júlí



Karlasveit GSS sigurvegarar í 4.deild



Sigurveggarar í Opna Friðriksmótinu



Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd skipuðu: Sigríður Elín Þórðardóttir formaður, Dagbjört Hermundsdóttir, Árný Lilja Árnadóttir, Gunnar M. Sandholt og Margrét Stefánsdóttir.

Síðastliðið sumar voru 45 golfmót á Hlíðarenda, þar af voru 31 mót á vegum mótanefndar, nýliðanefndin stóð fyrir átta mótum og unglinganefndin hélt fjögur mót. Golfsamband Íslands fól GSS að halda Sveitakeppni kvenna í 2. deild og Unglingalandsmót UMFÍ fór fram á Sauðárkróki s.l. sumar.

Færri keppendur tóku þátt í opnum mótum sumarið 2014, miðað við árið á undan. Tíu opin mót fóru fram s.l. sumar og að meðaltali tóku 33 kylfingar þátt í hverju móti. Keppendum fækkaði að meðaltali um fimm samanborið við árið 2013, en þá var meðaltalið 38 keppendur. Ef til vill má skýra hluta fækkunarinnar með því að HM í fótbolta fór fram í júní en mun færri gestir voru meðal þátttakenda á mótum í júní 2014 en í júní 2013.

Fjölmennasta mótið var Opna Vodafone og Coca Cola mótið sem fram fór 2. ágúst, 74 þátttakendur skráðu sig til leiks en 66 luku leik. Þátttakendur á Ólafshúsmótaröðinni 2014 skiluðu inn 246 skorkortum s.l. sumar á móti 269 sumarið 2013, munurinn er 23 skorkort sem þýðir 8,5% fækkun á milli ára. Síðasliðið mótaár skiluðu keppendur inn 961 skorkorti sem er fjórum prósentum fleiri skorkort en 2013. Aukninguna má hins vegar alfarið skrifa á innanfélagsmótin í september en 80 skorkortum var skilað inn, á móti 14 árið á undan.

Tafla 1. Yfirlit yfir golfmót á Hlíðarenda 2014					
Dags.	Heiti móts	Sigurvegari/ar	Fjöldi þátttakenda 2014	Fjöldi þátttakenda 2013	Fjöldi móta
4/6 - 20/8	Ólafshúsmótaröðin	Ingvi Þór Óskarsson og Ásgeir Björgvin Einarsson	246	269	10
10/6 - 2/9	Nýliða- og háforgjafamót	Sjá skýrslu nýliðanefndar	102	72	8
08.06.2014	Opna KS mótið	Elvar Ingi Hjartarsson og Hjörtur Geirmundsson	44	40	1
12/6 - 30/8	Holukeppni GSS	Arnar Geir Hjartarson	17	36	1
	Jónsmessugleði	Féll niður 2014		9	1
15.06.2014	Nýprent Open	Sjá skýrslu unglinganefndar	51	46	1
15.06.2014	Nýprent Open byrjendur	Sjá skýrslu unglinganefndar	24	23	1
21.06.2014	Opna Friðriksmótið	Andri Þór Árnason	28	31	1
29.06.2014	Opna Ícelandairgolfers	Ásgeir Björgvin Einarsson og Arnar Geir Hjartarson	22	55	1
01.07.2014	Meistaramót GSS börn og unglingar	Sjá skýrslu unglinganefndar	15	20	1
06.07.2014	Opna Kvennamót GSS	Guðlaug María Óskarsdóttir GA	37	53	1
9/7-12/7	Meistaramót GSS	Árný Lilja Árnadóttir og Arnar Geir Hjartarson	28	30	1
19.07.2014	Opna Steinullarmótið	Árný Lilja Árnadóttir og Arnar Geir Hjartarson	30	53	1
20.07.2014	British open comes to Sauðárkróks	Friðjón Bjarnason og Edorardo Molinari	10	17	1
26.07.2014	Opna Hlíðarkaupsmótið	Friðjón Bjarnason	40	37	1
31/7-1/8	UMFÍ Unglingalandsmót 11-18 ára	Sjá heimasíðu GSS	51		1
02.08.2014	Opna Vodafone og Coca Cola - Norðvesturbrenna II	Heiðar Davíð Bragason GHD og Árný Lilja Árnadóttir	66	40	1
8/8-10/8	Sveitakeppni GSÍ 2. deild kvenna	Kvennasveit GSS			1
30.08.2014	Háir og lágir og allir með...	Ásgeir Björgvin Einarsson og Guðmundur Ágúst Guðmundsson	22	25	1
06.09.2014	Opna Advania	Arnar Geir Hjartarson og Hjörtur Geirmundsson	34	30	1
27.09.2014	Bænda- og freyjuglíma	Bændur	14	23	1
27/8-30/9	Síðsumarmót		80	14	8
			961	923	45



Árný Lilja Árnadóttir og Arnar Geir Hjartarson, klúbbmeistarar GSS 2014.

Meistaramót GSS

Meistaramótið fór fram 9. - 12. júlí í fullkomnu golfveðri, logni og sólarlausu. Keppendur voru 28 og keppt var í sex flokkum. Leikfyrirkomulag var höggleikur án forgjafar en einnig fór fram punktkeppni í einum opnum flokki. Auk þess voru veitt fern aukaverðlaun. Keppni var jöfn og spennandi í meistaraflokkunum og í 1. flokki karla réðust úrslit á 2. holu í bráðabana. Úrslit réðust einnig í bráðabana í háförgjafaflokki kvenna.

Sæti	Meistaraflokkur karla	Högg	Sæti	2. flokkur karla	Högg
1.	Arnar Geir Hjartarson	312	1.	Guðmundur Ragnarsson	347
2.	Jóhann Örn Bjarkason	314	2.	Einar Einarsson	351
3.	Elvar Ingi Hjartarson	322	3.	Hákon Ingi Rafnsson	354
	Meistaraflokkur kvenna			4. flokkur karla	
1.	Árný Lilja Árnadóttir	330	1.	Friðjón Bjarnason	398
2.	Aldís Ósk Unnarsdóttir	332	2.	Einar Ágúst Gíslason	438
3.	Ragnheiður Matthíasdóttir	360			
	1. flokkur karla			Háförgjafaflokkur kvenna	3x9 holur
1.	Magnús Gunnar Gunnarsson	344	1.	Helga Dóra Lúðvíksdóttir	192
2.	Rafn Ingi Rafnsson	344	2.	Herdís Sæmundsdóttir	192
3.	Hjörtur Geirmundsson	383	3.	Nína Þóra Rafnsdóttir	196

Holukeppni GSS

Dræm þátttaka var í holukeppninni, en alls hófu 17 keppendur leik um miðjan júní. Holukeppnin var að mati mótanefndar auglýst ágætlega bæði í golfskála og á heimasíðu GSS. Í fyrra skráðu sig tíu keppendur en þá hringdi mótnefnd í félagsmenn em leiddi til þess að 36 tóku þátt holukeppninni 2013. Sá háttur að hringja í félagsmenn var ekki viðhafður í ár. Að mati mótanefndar er mikilvægt að halda holukeppninni áfram en að sama skapi er mikilvægt að fleiri félagsmenn taki þátt í holukeppninni.

Úrslitaleikinn háðu þeir Arnar Geir Hjartarson og Ingvi Þór Óskarsson, leiknum lauk á 18 holu með sigri Arnars Geirs.

Sveitakeppni GSÍ

Síðastliðið sumar var Golfklúbbi GSS falið að hafa umsjón með sveitakeppni GSÍ í 2. deild kvenna sem fór fram dagana 8. - 10. ágúst. Mikil vinna liggur að bak því að halda utan um og skipuleggja sveitakeppnina. Mótsstjórum, vallarstjóra, starfsfólki og félagsmönnum sem sáu um skipulag og framkvæmd mótsins er þakkað fyrir vel unnin störf.

Kvennasveit GSS keppti við sveitir frá Akureyri, Ólafsfirði, Selfossi, Hvergerði, Grundarfirði, Patreksfirði og Hellishólum. Í sveit GSS voru Aldís Ósk Unnarsdóttir, Árný Lilja Árnadóttir, Dagbjört Hermundsdóttir,



Ragnheiður Matthíasdóttir og Sigríður Elín Þórðardóttir. Liðsstjóri var Hlynur Þór Haraldsson. Sveit GSS sigraði í öllum sínum leikjum, með fullt hús stiga og keppir í 1. deild 2015.

Karlasveit GSS keppti í fjórðu deild sem fram fór fram á Kálfatjarnarvelli á Vatnsleysuströnd. Í sveitinni voru Arnar Geir Hjartarson, Brynjar Örn Guðmundsson, Elvar Ingi Hjartarson, Hlynur Freyr Einarsson, Ingvi Þór Óskarsson og Jóhann Örn Bjarkason sem jafnframt var liðsstjóri. Í deildinni voru lið frá Golfklúbbi Norðfjarðar, Mostra á Grundarfirði, Golfklúbbi Bakkakots, Golfklúbbum Geysi, Golfklúbbi Þorlákshafnar, Golfklúbbi Vatnsleysustrandar og Golfklúbbi Bolungarvíkur. GSS sveitin sigraði og keppir í 3. deild 2015.

Ólafshúsmótaröðin

Ólafshúsmótaröðin hófst 4. júní og lauk 20. ágúst. Fyrirkomulagið var með hefðbundnu sniði þ.e. punktakeppni með og án forgjöf en auk þess var hliðarleikur sem kallaður er Besta hola

Alls tóku 56 keppendur þátt einu sinni eða oftar í Ólafshúsmótaröðinni og samtals skiluðu þeir inn 246 skorkortum. Flestir tóku þátt í áttunda mótinu og lokamótinu eða 28 keppendur.

Tafla 3. Ólafshús 2014. Tíu efstu með forgjöf.

	1. mót	2. mót	3. mót	4. mót	5. mót	6. mót	7. mót	8. mót	9. mót	10. mót	Alls punktar	Sjö bestu mótin telja	Sæti
Ingvi Þór Óskarsson	38	29	31	32	30	37	24		33	34	288	235	1.
Magnús Gunnar Gunnarsson	34	34	33	31	33			28	23	38	254	231	2.
Ásmundur Baldvinsson	40	33	25		28	29	29	32	36		252	227	3.
Reynir Barðdal	35		29	32	23			34	34	30	248	225	4.
Sigríður Elín Þórðardóttir	29	39		28	30	28	36		33	26	249	223	5.
Rafn Ingi Rafnsson	30	24	23		27	31	32	38		27	270	223	6.
Herdís Sæmundsdóttir	25		30		29	31		37	35	30	217	217	7.
Guðmundur Ragnarsson	23		30	39	26	21	34	34	28	25	260	216	8.
Einar Ágúst Gíslason		26	24	29		35	25	32	41	26	238	214	9.
Ásgeir Björgvin Einarsson	26	32	26	25	28	34	33	24	33	25	286	212	10.

Tafla 4. Ólafshús 2014. Tíu efstu án forgjafar.

	1. mót	2. mót	3. mót	4. mót	5. mót	6. mót	7. mót	8. mót	9. mót	10. mót	Alls punktar	Sjö bestu mótin telja	Sæti
Ingvi Þór Óskarsson	34	25	27	28	25	32	19		28	29	247	203	1.
Arnar Geir Hjartarson	26	29	28	34		36				29	182	182	2.
Jóhann Örn Bjarkason	24	22	24		27	32		24			153	153	3.
Magnús Gunnar Gunnarsson	24	24	23	23	23			19	16	27	179	163	4.
Rafn Ingi Rafnsson	19	15	14		17	21	21	27	28	18	180	148	5.
Sigríður Elín Þórðardóttir	17	26		17	17	15	24		23	15	154	139	6.
Guðmundur Ragnarsson	14		18	26	15	11	23	22	16	15	160	134	7.
Hlynur Freyr Einarsson	28	18	14	26			23		25		134	134	8.
Ásgeir Björgvin Einarsson	15	19	15	15	17	22	21	15	20	15	174	129	9.
Reynir Barðdal	22		16	18	12		21	22	17	18	146	128	10.

Ingvi Þór Óskarsson var með flesta punkta með og án forgjafar og Ásgeir Björgvin Einarsson vann hliðarleikinn „Besta hola“.



Lokamót Ólafshúsmótaraðarinnar var tileinkað minningu Ingvars Gunnars Guðnasonar sem féll frá í júlí s.l. Þátttökugjöld og framlög frá félagsmönnum og vinum Ingvars runnu til Ljóssins sem er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þeirra. Samtals söfnuðust 100.000 kr.

Halldór Halldórsson varaformaður og Hrefna Þórarinsdóttir fulltrúi Ljóssins.



Sigurveggarar á Opna KS mótinu.

KS mótið

Opna KS fór fram laugardaginn 8. júní. Alls skráðu 22 lið sig til leiks. Leikfyrirkomulag var Texas scramble. Helstu úrslit voru:

1. Arnar Geir Hjartarson og Ingvi Þór Óskarsson, 62 högg nettó.
2. Atli Freyr Rafnsson og Hlynur Freyr Einarsson, 64 höggum nettó.
3. Ólafur Árni Þorbergsson og Brynjar Örn Guðmundsson, 65 högg nettó.

Jóhann Örn Bjarkarsson og Þórleifur Karlsson unnu til nándarverðlauna.

Opna Friðriksmótið

Opna Friðriksmótið er haldið til minningar um Friðrik Jens Friðriksson heiðursfélaga GSS. Mótið fór fram 22. júní í þoku en logni. Leikfyrirkomulag var höggleikur með forgjöf.

1. Andri Þór Árnason, 71 högg nettó.
2. Rafn Ingi Rafnsson, 73 högg nettó.
3. Magnús Gunnar Gunnarsson, 73 högg nettó.
4. Jóhann Örn Bjarkason, 73 högg nettó.
5. Ragnheiður Matthíasdóttir, 76 högg nettó.



Sigurveggarar á Opna Friðriksmótinu 2014.

Opna Icelandairgolfers

Opna Icelandairgolfers fór fram 29 júní. Leikfyrirkomulagið var punktakeppni með og án forgjafar. Helstu úrslit í punktakeppni án forgjafar:

1. Arnar Geir Hjartarson, 34 punktar.
2. Ingvi Þór Óskarsson, 32 punktar.
3. Hlynur Þór Haraldsson, 29 punktar.

Háður var bráðabani um þriðja sætið og sigraði Hlynur Þór Haraldsson með því að slá 7cm nær holu en Elvar Ingi Hjartarson.

Úrslit í punktakeppni með forgjöf:

1. Ásgeir Björgvin Einarsson, 39 punktar
2. Árný Lilja Árnadóttir, 36 punktar.
3. Ingibjörg Guðjónsdóttir, 36 punktar.

Hákon Ingi Rafnsson var næstur holu á 6/15 og Einar Ágúst Gíslason var næstur holu í öðru höggi á 9/18.



Kvennamót GSS

Rok og rigning laugardaginn 5. júlí varð til þess að kvennamótinu var frestað um einn dag. Á sunnudeginum var veður þökkalegt fyrir hádegi, en eftit það fór að hvesa og rigna. Sandgryfjur á 5. braut voru fullar af regnvatni og myndarlegur vatnspollur var á göngustíg á milli 6. og 7. holu. Leikfyrirkomulag var punktakeppni með forgjöf. Helstu úrslit voru:

1. Guðlaug María Óskarsdóttir GA, 34 punktar.
2. Ragnheiður Matthíasdóttir GSS, 34 punktar.
3. Sigríður Elín Þórðardóttir GSS, 31 punktur.
4. Dóra Kristín Kristinsdóttir GHD, 31 punktur.
5. Dagrún Mjöll Ágústsdóttir GR með 30 punkta.

Opna Steinullarmótið



Sigurveggarar á Opna Steinullarmótinu.

Opna Steinullarmótið fór fram 19. júlí og var leikfyrirkomulag punktakeppni án forgjafar í kvenna- og karlaflokki og einn opinn flokkur með forgjöf. Aðstæður voru frekar erfiðar, völlurinn blautur og mjúkur sem svampur og rigning nánast allan daginn. Sigurvegari mótsins var Arnar Geir Hjartarson sem lét erfiðar aðstæður ekki hafa áhrif á sig og spilaði völlinn á tveimur höggum undir pari eða á 70 höggum. Ásgeir Einarsson var næstur holu á 6/15 braut og Hlynur Þór Haraldsson var næstur holu í öðru höggi á 9/18 braut. Veitt voru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í kvenna- og karlaflokki og fyrir sex efstu sætin í punktakeppni með forgjöf.

Úrslit í karlaflokki án forgjafar.

1. Arnar Geir Hjartarson GSS, 38 punktar
2. Jóhann Örn Bjarkason GSS, 30 punktar
3. Guðmundur Ingvi Einarsson, 29 punktar.

Úrslit í kvennaflokki:

1. Árný Lilja Árnadóttir GSS, 22 punktar
2. Ragnheiður Matthíasdóttir GSS, 18 punktar
3. Sigríður Elín Þórðardóttir GSS, 16 punktar

Úrslit í punktakeppni með forgjöf:

1. Arnar Geir Hjartarson GSS, 41 punktur.
2. Reynir Barðdal GSS, 38 punktar.
3. Ásmundur Baldvinsson GSS, 37 punktar.
4. Hlynur Freyr Einarsson GSS, 34 punktar.
5. Jóhann Örn Bjarkason GSS, 33 punktar.
6. Hlynur Þór Haraldsson GSS, 31 punktu



Opna Hlíðarkaupsmótið



Opna Hlíðarkaupsmótinu fór fram laugardaginn 26. júlí í ágætis veðri. Leikfyrirkomulag var punktakeppni með forgjöf. Veitt voru verðlaun fyrir sjö efstu sætin í punktakeppni og nándarverðlaun á 3/12 braut og 6/15 braut.

Sigurvegarar og þátttakendur á Opna Hlíðarkaupsmótinu 2014.

Helstu úrslit:

- | | |
|--|---|
| 1. Friðjón Bjarnason GSS, 38 punktar. | 5. Rafn Ingi Rafnsson GSS, 33 punktar. |
| 2. Andri Þór Árnason GSS, 37 punktar. | 6. Sverrir Harladsson GKJ, 33 punktar. |
| 3. Ásgeir Einarsson GSS, 34 punktar. | 7. Halldór Halldórsson GSS, 33 punktar. |
| 4. Guðmundur Ragnarsson GSS, 33 punktar. | |

Brynjar Örn Guðmundsson var næstur holu á 3/12 og Sigríður Elín Þórðardóttir var næst holu á 6/15.

British Open Comes to Sauðárkrókur

Góð stemning var á British Open comes to Sauðárkrókur sem fram fór 20. júlí. Keppni var jöfn og æsispennandi og réðust úrslit ekki fyrr en þegar síðasta hollið á Hoylake lauk leik. Keppendur á Sauðárkróki lentu í mikilli þoku á síðustu holunum sem gerði keppendum erfitt fyrir og áttu sumir í vandræðum með að rata um völinn í þokunni. Fyrirkomulagið er hefðbundin punktkeppni með forgjöf en liðskipan er óhefðbundin. Keppendur draga sér spilafélaga úr hópi atvinnumanna á British Open og er skor keppenda á Hlíðarenda og skor atvinnukylfings á lokadegi lagt saman.



Sigurvegarar og keppendur á British Open comes to Sauðárkrókur.

Leikar fóru þannig að Friðjón Bjarnason og Edovardo Molinari höfðu sigur á samtals 143 höggum eftir æsispennandi lokaholur. Í öðru sæti var Hákon Ingi og Sergio Garcia á samtals 145 höggum og í þriðja sæti var Ingvi Þór Óskarsson og Robert Karlsson á samtals 146 höggum. Molinari bræður hafa verið sigursælir í British Open á Sauðárkróki en í fyrra unnu þau Francesco Molinari og Ólöf Herborg á 141 höggi.



Opna Vodafone og Coca Cola mótið

Fjölmennasta opna mót sumarsins Vodafone og Coca Cola mótið en alls luku 66 keppendur leik. Mótið fram fór 2. ágúst og var leikfyrirkomulag punktakeppni án forgjafar í kvenna- og karlaflokkum og punktakeppni með forgjöf einn opinn flokkur. Úrslit í punktakeppni án forgjafar:

Karlar

1. Heiðar Davíð Bragason GHD, 36 punktar.
2. Arnar Geir Hjartarson GSS, 35 punktar.
3. Helgi Birkir Þórisson GSE, 34 punktar.

Konur

1. Árný Lilja Árnadóttir GSS, 26 punktar
2. Svanborg Guðjónsdóttir GSS, 21 punktur.
3. Sigríður Elín Þórðardóttir GSS, 18 punktar.

Úrslit í opnum flokki með forgjöf:

1. ArnarGeir Hjartarson GSS, 37 punktar.
2. Svanborg Guðjónsdóttir GSS, 36 punktar.
3. Árný Lilja Árnadóttir GSS, 35 punktar.
4. Þröstur Friðfinnsson GSS, 35 punktar.
5. Guðmar Guðmundsson GR, 35 punktar.

Opna Advania

Opna Advania fór fram 6. september. Leikfyrirkomulag var Texas scramble, þátttaka var góð en alls voru 17 lið skráð til leiks. Aðstæður voru frekar erfiðar, en stífur vindur var sem einhvern veginn tókst að blása úr öllum áttum þá fimm tíma sem leikmenn voru úti á velli. Í fimm efstu sætum voru:

1. Arnar Geir Hjartarson og Hjörtur Geirmundsson á 66 höggum nettó.
2. Jón Jóhannsson og Hafsteinn Pétursson á 70 höggum nettó
3. Sigríður Elín Þórðardóttir og Ásgeir Björgvin Einarsson á 73 höggum nettó.
4. Herdís Sæmundardóttir og Guðmundur Ragnarsson á 74 höggum nettó.
5. Magnús Gunnar Gunnarsson og Ásmundur Baldvinsson á 75 höggum nettó.

Bænda- og freyjuglíman

Glíman fór fram laugardaginn 27. september í 5 stiga hita og logni.

Keppt var í þremur flokkum og var leikfyrirkomulag punktakeppni með forgjöf. Glímuna unnu bændur, liðakeppninna unnu þeir Hákon Ingi Rafnsson, Einar Einarsson og Reynir Barðdal og Ásgeir Björgvin Einarsson vann einstaklingskeppnina

Keppendur og sigurvegarar á Bænda- og freyjuglímunni 2014.



Öllum styrktaraðilum fyrirtækjum og einstaklingum eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn.

F.h. mótanefndar,

Sigríður Elín Þórðardóttir, formaður



Skýrsla vallarnefndar

Vallarnefnd skipuðu: Rúnar Vífilsson formaður, Haraldur Friðriksson og Pröstur Friðfinnsson og vallarstjóri Guðmundur Þór Árnason.

Að þessu sinni er skýrsla vallarnefndar í þrennu lagi. Í fyrsta lagi er það hefðbundin texti um framkvæmdir á vellinum, ástand hans síðastliðið starfsár og það sem er í pipunum. Í öðru lagi er texti sem fjallar um skjólbeltarækt og hvað þarf til, ef ákveðið verður að fara út í skjólbeltagerð á öllum golfvöllum. Í þriðja lagi er stutt samantekt um fornminjar á og við golfvöllinn. Þeir sem eru í forsvari fyrir minjavernd á Norðurlandi vestra hafa vakið athygli á ýmsum stöðum sem áhugavert væri að merkja og vekja athygli á og þeir óska eftir samstarfi við Golfklúbbinn ef einhver áhugi er á slíku.

Hefðbundin skýrsla vallarnefndar. Síðast liðinn vetur fór ekkert sérstökum höndum um okkur hér í Skagafirði þótt ekki væri veturinn jafn svakalegur og árið á undan. Við sluppum ekki alveg því nokkrar skemmdir voru á einstaka flötum og eins á stöku brautum. En með mikilli vinnu sem og hagstæðri veðráttu í upphafi sumars lagaðist ástand vallarins hratt og þegar líða fór á sumarið var hann kominn í sinn besta búning.

Nú í haust var undirbúin varnaráætlun sem á að grípa til, til að koma í veg fyrir að svipað ástand skapist aftur og gerðist síðast liðinn vetur. Vallarstjóri keypti sköfur sem nota á til að skafa blautan snjó af flötunum þegar hætta er á að snjórinn blotni og frjósi svo saman sem klakahella. Með þessu átti að tryggja að flatirnar gætu alltaf náð í súrefni og grasið andað eðlilega og losað sig við öll aukaefni. Náðist að nota sköfurnar einu sinni, en það tók 10 manns um 2 tíma að skafa snjó af 7 flötum. Samkvæmt áætluninni átti að skilja 8. og 1. eftir þar sem þær verja sig nokkuð vel sjálfar og voru látnar vera til samanburðar. Einnig voru settar trjágreinar á aðra púttflötina til að sjá hvernig það kæmi út. Það má segja að eftir fyrstu snjóa og fjárfestinguna í sköfunum þá hafi brostið á blíða sem enn stendur. Stefnt er að því engu að síður að halda sig við varnaráætlunina eitthvað inn í veturinn.

Eins og áður sagði voraði mjög vel og rigndi einnig töluvert. Það varð til þess að grasspretta var óvenju mikil og kom snemma. Gerði það vallarstjóra og hans mönnum erfitt fyrir að komast yfir öll hefðbundin vorverk en allt hafðist þetta með samstilltu átaki. Eins var aukið álag á slátturhópinn að unglingalandsmót var haldið hér í sumar. Það kallaði á aukin slátt.

Tengt unglingalandsmótinu fékk Golfklúbburinn styrk til framkvæmda og snyrtingar í kringum skálann og næsta nágrenni. Má segja að það verkefni hafi verið tvíþætt. Annarsvegar hellulögn umhverfis skálann og svo malbikun á bílastæðunum. Kom hvort tveggja vel út þótt tímasetningar verktaka hafi ekki alltaf staðist.

Hluti af efninu sem kom upp úr glömpunni á 9. braut var notaður til að slétta svæðið á brautinni m.a. fyrir framan flötina. Nú kemur það í ljós í vor hvað frostlyftingin hefur mikil áhrif, ef einhver.

Ástand véla klúbbsins má segja að sé viðunandi, en þær verða sífellt eldri og það þarf að fara að gera ráð fyrir endurnýjun þeirra í áföngum. Upphæðirnar sem liggja í þessum vélum eru miklar og allur stuðningur sem hægt er að ná í við þessa endurnýjun er vel þeginn. Hugmyndir eru uppi um að gera lagntímasamninga við sveitarfélagið um alla þá samninga sem eru í gangi milli aðila nú í dag.

Það er óvíst að við verðum eins lánsöm með úrkomu á vellinum eins og varð í vor og sumar. Við verðum að fara að huga að endurnýjun vatnslagnarinnar um völlinn. Það liggja allar upplýsingar nokkuð fyrir með hana og taka þarf ákvörðun um í hvaða þrepum hún verður unnin.



Jafnframt því að laga þarf vatnslögnina á vellinum þá þurfum við að dreyna ákveðin svæði. Einkum eru það fimmta og sjöunda brautin. Þær eru oft það blautar, eins og allir golfarar þekkja, að erfitt er að fara um þær gangandi hvað þá með vélar. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að minnst á gröfukaup. Lítil notuð grafa sem þarf ekki að kosta okkur mikið, en gæti nýst klúbbum í nokkur ár og borgað sig margfalt upp. Það væri hægt að nota hana við drenlögnina, við að endurnýja stíga eins og þegar er byrjað, að ekki sé talað um það að taka skurðinn á áttundi í nefið. Óþrjótandi verkefni liggja fyrir við völlinn og ljóst að ekki verður allt gert í einu, en mikilvægt að skipuleggja starfið vel og tímasetja allar framkvæmdir fram í tímann.


Að endingu fer vallarnefnd fram á að henni verði falið að rífa geymsluskúrana við 1. teig, það er kominn tími á að láta þá hverfa.

F.h. vallarnefndar

Rúnar Vífilsson, formaður

Skjólbeltarækt

Skjólbeltarækt er ræktun, oftast bæði af runnum og trjám, sem eru hönnuð og gróðursett til að minnka óæskileg áhrif sterkra vinda. En auk þess sem skjólbelti minnka vindhraða þá geta þau einnig dregið verulega úr vindkælingu.



Besti tíminn til að gróðursetja skjólbelti var fyrir 20 árum. Næstbesti er að gróðursetja strax í dag. Níutíu prósent af galdrinum við góð skjólbelti er umönnun

Skjólgirðingar eru mikið notaðar á þröngum svæðum, en þær taka lítið pláss og skjóláhrifin koma jafnskjótt og veggurinn hefur verið byggður. Tré eru hinsvegar eini möguleikinn til að fá nógu hávaxinn skjólgjafa til að hafa áhrif á stóru svæði. Áhrifin hlémegin við skjólbelti er 20 sinnum hæð beltisins.

Skjólbelti eru fljót að hafa áhrif, strax eftir 3 til 4 ár fara þau að veita skjól og umtalsvert eftir 7 til 8 ár. Með því að sjá plöntunum fyrir auknum raka þar sem land er þurrt má auka lifun og flýta vexti og stytta þannig tímann sem það tekur að koma upp áhrifaríkum skjólbeltum.

Skjólbelti eru langtíma fjárfesting og þess vegna er skynsamlegt að leggja drög að þeim með góðum fyrirvara áður en plöntun hefst. Aðeins vel skipulögð skjólbelti með rétttri umhirðu veita hámarks skjól og ánægju. Hafa ber í huga:

- Staðsetjið skjólbeltið þar sem það veitir mesta vernd
- Hannið skjólbeltin í samræmi við það pláss sem fyrir hendi er
- Gefið trjám og runnum nóg rými til að þau geti vaxið
- Veljið tegundir sem eru best aðlöguð aðstæðum á hverju svæði og geta náð þeim árangri sem vonast er eftir



Staðsetjið skjólbeltið eins nálægt því að vera þvert á ríkjandi vindátt og mögulegt er. Beltið ætti að ná 15 til 30 metra út fyrir svæðið sem ætlunin er að skýla. Þetta er gert til að kom í veg fyrir að vindur sviptist fyrir enda beltisins og inn á skýlda svæðið.

Net skjólbelta er meginforsenda þess að hægt sé að hafa afgerandi áhrif á veðurfarsþætti í nærumhverfinu, og breyta þannig ýmsum aðstæðum á

vissum svæðum, svo sem grósku, staðsetningu snjóalaga og aðstæðum manna. Stök skjólbelti hafa fremur lítil áhrif nema rétt næst sér. Viss hætta á óæskilegri virkni eins og mikilli snjósöfnun.

Tilraunir sýna að vel hannað skjólbelti nær að fella 3 til 4 sinnum meiri snjó en bestu snjógirðingar geta gert. Snjófangari má aldrei vera nær en 30 metrar frá því svæði sem halda á snjólausu.

Þegar unnið er að uppbyggingu skjólbelta þarf að hafa í huga og ákveða breidd skjólbeltanna, fjölda raða, og í framhaldi af því sólarhlið og skuggahlið beltanna. Þegar tré og runnar eru valdir saman þarf að reyna að setja saman há, meðalhá og lágvaxin tré og runna.

Mikilvægt er að hafa í huga að skjólbelti gegna einungis hlutverki sínu séu þau þétt niður, annars er hætta á að vind trekki undir beltin sem rýrir þau sem skjólgjafa og spillir einnig vaxtarskilyrðum í beltunum.

Breiðari skjólbelti þola meiri áföll en mjó beltí. Þau taka hinsvegar á sig mun meiri snjó. Áhrif þeirra á landslagið er mikið og þarf að nota náttúruleg mörk til að minnka þessi áhrif. Hafa í huga að skyggja ekki að óþörfu á landslag með gróðurbeltunum og loka af eðlilegar leiðir golfleikara nema það sé tekin um það ákvörðun að tré og runnar verði þá hindranir á brautum.

Þegar hugað er að gerð og samsetningu beltanna, þá er mælt með að margar tegundir séu í hverju beltí. Tvær eða fleiri tegundir í hverri röð og góð blanda af runnum og hærri trjám, þá aðallega lauftrjám. Ef stuðst er við eina tegund í hverri röð, t.d. alaskavíði verður það beltí gisið að neðan ef því er ekki sinnt. Það verður þá bæði viðhaldsfrekt og einkum skammlíft beltí.

Ef settar eru fleiri en ein röð í skjólbelti minnkar hætta á að skarð myndist ef planta drepst, og þetta getur einnig gefið þéttari beltí. Best er að blanda nokkrum tegundum saman í hverja röð til að loka öllum glufum hátt og lágt. Þá verður ekki eins mikil þörf á jafn tíðum klippingum og þar sem er ein tegund lauftrjábelta. Ef skjólbeltum er ekki sinnt jafnt og þétt verða þau skammlíf og kostnaður við þau eykst.



Dæmigert skjólbelti er þriggja raða. Þá er hverri röð ætlað sérstakt hlutverk og tegundunum raðað saman í raðirnar út frá þeim eiginleikum sem þær búa yfir. Fyrsta röð áveðurs er megin skjólröð sem mest mæðir á. Þar eru settar harðgerðustu tegundirnar. Annarri röð er ætlað að ná upp hæð beltisins. Þar eru hávöxnustu tegundirnar settar ásamt skuggþolnum runnum sem þola að vera undir í miðju beltinu þar sem lítil birta kemst að. Þriðja röðin er gjarnan skreitt með blómrunnum og fjölbreyttu tegundavali þar sem hægt er að blanda inn tegundum sem eru í skjóli að hluta til, sem eru ekki jafn harðgerðar og megin tegundir skjólbeltisins.



Fjölbreytt tegundaval í skjólbelti hefur marga kosti m.a. lítið viðhald þegar stuðst er við vaxtarform tegunda í samspili til að forðast op í beltinu. Fjölbreytnin er öruggari gagnvart sjúkdómum og skaðvöldum, en þeim er stöðugt að fjölga hér við land í takt við hlýnandi loftslag. Fjölbreytnin kemur m.a. fram í margbreytilegu útliti og oft skrautlegu.

Áður en gróðursetning skjólbelta er hafin er mikilvægt að ganga frá áætlun sem segir til um hvaða tegundir á að nota í beltið og hvernig þeim er raðað saman. Útbúa þarf vinnuteikningu sem sýnir nákvæma röðun tegundanna í hverri röð til að vinna eftir. Við gróðursetningu er ágætt að taka aðeins eina tegund fyrir í einu.

Við umhirðu skjólbeltanna þarf að hafa í huga að byrja strax. Bæta nýjum plöntum strax í stað þeirra sem drepast. Bera þarf á beltin eins og borið er á garða fólks. Hreinsa þarf burt plast sem losnar og annað sem hindrað getur vöxt. Og mikilvægt að muna að víðitegundir þarf að klippa niður eftir fyrsta árs vöxt til að runnin greini sig nóg sem næst jörðu. Grófar víðitegundir þarf að klippa fyrstu þrjú árin niður. Það er mun árangursríkara að hirða um beltin strax og þörf er á, ekki bíða. Til dæmis gera og þétt belti ekkert annað en að þéttast enn meira og þar með minnka lífslíkur annarra plantna í beltinu.

Ef nota á greni í skjólbelti (greni og lerki eru nánast einu barrtrén sem notuð eru í skjólbelti) þarf að huga að því að hafa ekki runna og tré of nærri greninu. Greinar lauftrjáa sem eru í dvala skemma strax topp og hliðar grenisins og aflaga vöxt þess. Greni og lauftré eru ekki góð blanda nema stöðugt sé klipptar greinar lauftrjáanna umhverfis grenið til að forða því frá barningsskemmdum.

Hráefni í skjólbelti

Alaskaösp - Alaskayllir

Skrautreytnir, Alpareynir og Úlfareynir. Gultoppur, Gljásýrena og Fagursýrena

Blátoppur, **Glótoppur**, Snjóber, Silfurblað, Hafþýrnir, Geislasópur, Ígulrós, Birkikvistur og Japanskvistur

Hekk: Gljámispill, Fjallarífs og Birki


Kostir og ókostir víðisins

Kostir:

- Ódýr í framleiðslu
- Klónaræktun, einsleitur efniviður
- Kemur vel til eftir gróðursetningu
- Hraðvaxta – fljótur til
- „Harðgerður“ í frjósömum jarðvegi
- Sólelskur þ.e. hleypir birtu inn á sig á annan gróður

Ókostir:

- Hraðvaxta – vex úr sér
- Þarf mikla umhirðu
- Þarf frjósaman jarðveg
- Skammlífur 20 – 40 ár
- Sólarkrefjandi
- Sólelskur þ.e. hleypir birtu inn á sig á annan gróður
- Verður oft óþéttur í skjólbeltum
- Maðksækin/lússækin
- Stendur oft illa á rót = veltur um koll
- Stórvaxinn víðir vex yfir annan gróður





BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA - RANNSÓKNASKÝRSLUR



Sauðá í Borgarsveit

Fornleifaskráning vegna aðalskipulags



Horft til suðurs yfir Sauðárkrök. Ljós. GSS

Guðmundur St. Sigurðarson
Guðný Zoëga
Katrín Gunnarsdóttir
Sigríður Sigurðardóttir

2005/42



Fornleifaskrá

Sauðá - 181763-48



Séð til norðvesturs yfir Sauðárkrúk í landi Sauðár, Tindstöll í bakgrunni.

Saga

Sauðá stendur við Skagafjörð vestanverðan, austur undan fjallinu Molduxa undir brekkubrún miðja vegu milli sjós og fjalls. Kaupstaðurinn Sauðárkrúkur umlykur nú gamla bæjarstæðið, Hlíðahverfið að ofan og vestan, en Túnahverfið að neðan og austan.

Sauðá er forn þingstaður og var hreppurinn kenndur við jörðina. Þar var hálfkirkja til forna og samkvæmt Sjávarborgarmáldaga skyldi syngja þar messur annan hvern helgan dag, páskadag, krossmessu og Nikulásarmessu.

Býlisins Sauðár er fyrst getið í Sturlungu í tengslum við liðsafnað fyrir Haugsnesbardaga 1246. (SS III: 117) Fyrstu heimildir um eignarhald eru frá 1391 og jörðin virðist í einkaeign í það minnsta fram til 1525, en árið 1556 er hún talin upp í eignaskrá Reynistaðarklausturs. (DI XIII: 143) Árið 1871 hófst fjöð búseta Sauðárkrúki sem er í landi Sauðár og markar upphaf þéttbýlismyndunar á svæðinu. Árið 1907 var Sauðárhreppi skipt í Skarðshrepp og Sauðárkrókshrepp og landamerki Sauðár urðu þá hreppamörk hins nýja Sauðárkrókshrepps. Árið 1927 keypti kaupsúnið Sauðárkrúkur jörðina Sauðá og nýtti mest allt land jarðarinnar til beitar og ræktunar, en þáverandi ábúandi hélt eftir flestum jarðarhúsum, hluta túnsins og takmörkuðum beitarréttindum. (JB 1h: 49) Sauðá var í byggð til 1958. Sauðárhús er eina hjáleigan sem heimildir geta um á Sauðá, byggt um 1679 en lagðist í eyði fáeinum árum síðar og komst aldrei í byggð aftur. (JÁM IX: 50-51) Kristmundur Bjarnason segir Sauðárhús hafa verið í túni Sauðár (KB 1969: 18), en ekki er vitað um nákvæma staðsetningu. Aðrir mannabústaðir í landi Sauðár eru Hlíðarendi, sem er við endaða Skógarhlíð á Mounum vestur af Sauðárkróksbæ, og fornþýlin Kringla, á Hálsunum á móti Veðramóti, Hrólfsvellir og Háagerði í Hryggjadal, auk óþekktra tófta í sama dal sem virðast hafa verið býli. Þess utan voru kaupmannsbúðir og hugsanlega býli á



Tegund: Vað

Staðsetning: A 469703 N 582428

Staðhættir

Skógarvað var þar sem Sauðáin beygir til suðvesturs gegnt Skógarhlíðinni.

Aðrar upplýsingar

Vað þetta var notað af þeim sem komu ofan úr Gönguskörðum eða ætluðu þangað án viðkomu á Sauðárkróki. (Sbr. BS I: 294)

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagfirðinga, I. bindi, Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur. Ritst. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 1999.

Minjar á Móum



Gólfskáliinn á Hlíðarendi. Mynd úr Byggðasögu Skagafjarðar I, bls 299.

Sauðá 181763 48 - 19

Sérheiti: Hlíðarendi

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 469520 N 583465

Horfin: Já

Staðhættir

Býlið Hlíðarendi var í landi sem tilheyrði Sauðá en tilheyrir nú Sauðárkróksbæ, bærinn stóð við norðurenda Skógarhlíðar á Móunum vestur af Kirkjuklauf, þar er nú gólfskáli Golfklúbbs Sauðárkróks.

Lýsing



Bæjarstæðið hefur legið á löngum og grónum melrana, þar er nú golfskáli og búið að slétta úr öllum rústum.

Aðrar upplýsingar

Hlíðarendi er sagður draga nafn af því að þar hafi útmörk Sæmundarhlíðar verið talin vera til forna. Hins vegar heitir hlíðin fyrir ofan bæinn Skógarhlíð og gæti nafnið eins verið komið þaðan. (Sbr. BS I: 299) Þjóðsögur herma að landnámsmaðurinn Sæmundur hinn suðureyski hafi byggt bæ sinn þar sem nú heitir Hlíðarendi (sbr. Íþ III: 14)

Elsta heimildin um Hlíðarenda virðist vera Ferðabók Olavíusar frá 1777, en þar er það talið með eyðibýlum (sbr. FO: 316) og sömuleiðis í Ferðabók Sveins Pálssonar frá 1791-1797 (sbr. FSP II: 646). Í sóknarlýsingu frá 1840 segir Jón Reykjalin að stórt umgirt tún hafi verið á Hlíðarenda og hugsanlega sé um landnámsjörð að ræða, en á þessum tíma voru þar beitarhús frá Sauðá. (sbr. SSS II: 28 og 35) Hlíðarendi byggðist aftur á síðari hluta 19. aldar og hélst í byggð í um þrjá áratugi, aðallega þó af fátæklingum og húsfólki. Í Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu 1781-1949 er Hlíðarenda getið sem húsmannsbýlis í Sauðárlandi. (JBS: 49) Eftir að Hlíðarendi fór síðast í eyði voru byggð þar fjárhús sem stóðu fram til 1980, en 1984 var reistur golfskáli þar sem fjárhúsin stóðu og öllu rutt burt. (Sbr. BS I: 299-300)

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagfirðinga, I. bindi, Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur. Ritst.

Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 1999.

Ferðabók Olavíusar frá 1780.

Ferðabók Sveins Pálssonar Dagbækur ritgerðir frá 1791-1797, II bindi.

Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873 II bindi.

Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu 1781-1949.

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, fyrsti hluti. Skagfirzki fræði.

Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1969.

Sauðá 181763 48 - 20

Sérheiti: Hlíðarendi

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 469520 N 583465

Horfin: Já

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildamaður: Ingólfur Jón Sveinsson (0912373509)

Staðhættir

Eftir að Hlíðarendi fór síðast í eyði voru byggð þar fjárhús sem stóðu fram til 1980, en 1984 var reistur golfskáli þar sem fjárhúsin stóðu og öllu rutt burt. Fjárhúsið var byggt upp úr bæjarrústum Hlíðarenda, á Mönnum vestan Kirkjuklaufar við enda Skógarhlíðar, nú stendur þarna Golfskáli sem var tekin í notkun árið 1984. (BS I: 300)

Lýsing

Bæjarstæði Hlíðarenda þar sem fjárhúsin stóðu er gróinn melrani, þar er nú golfskáli og engar tóftir sýnilegar.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar I. Bindi Skefilsstaðahreppur-Skarðshreppur, Sögufélag Skagfirðinga 1999.



timburpalli fyrir ofan Hlíðarenda og niður undir Grjótafla. Annar var fyrir ofan Gránuklauf og veitti vatni norður í Gønguskarðsá nánar greint niður í Svinakelduhvamm, sem síðar hlaut nafnið Brúarhvammur. Fleiri voru garðar þessir, en of langt mál upp að telja.“ (KB 1969I: 233)

Heimildaskrá


Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, síðari hluti. Skagfirsk fræði.

Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1971.

Munnlegar upplýsingar og leiðsögn Ingólfur Jón Sveinsson í október 2001.

Minjar á Hálsum

Sauða 181763 48
„Hæringsbúðir“
Guðmundur St. Sig. 30/5 2005



Sauða 181763 48 -21
Sérheiti: Hæringsbúðir
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóftaþyrping
Staðsetning: A 468555 N 583627
Hleðsluhæð: 0.3 m
Lengd: 3-4 m
Ástand: Slæmt
Horfin: Að hluta



Hættumat: Mikil hættu

Hættuorsök: Landbrot, verklegar framkvæmdir

Heimildamaður: Hjalti Pálsson (2506474419)

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrún eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af Móunum þegar farið er upp með Gönguskárðsánni (sunnan ár) er svæði sem kallast Hálsar, þ.e. norðurhlíð fjallsins Molduxa og niður að gili Gönguskarðsár. Gegnt Skarði og Veðramóti. Hæringsbúðir eru austast á Hálsunum, norðvestur af Hlíðarenda. Umræddar tóftir eru á þýfðum hól eða stalli ofan við vesturenda golfvallarins á Hlíðarenda (innan girðingarinnar sem umlykur völinn).

Lýsing

Tóftirnar eru fjórar í röð og liggur röðin nálega a-v. Vestasta tóftin (Hnit: A 468555; N 583627) er um 2 x 7 m að innanmáli, og virðast dyr vera austast á suðurvegg. Norður veggur er óljós. Vegg hæð 10-50 cm, breidd veggja 1-1,2 m. Þá kemur lítil tóft skammt norðaustur af þessari, hún er 4 x 4 m að ummáli, algróin og fremur ógreinileg. Veggir frá gólfi eru hæstir um 20 cm, en 40-50 cm að utan. Breidd veggja er um 1 m. Miðtóftin (Hnit: A 468587; N 583643) er heldur minni en sú fyrri eða 2 x 5 m, og um 25 m austar, vegg hæð frá gólfi er um 60 cm en allt að 150 cm að utan. Þriðja tóftin (Hnit: A 468597; N 583650) um 5 m austar, er 3 x 5 m að innanmáli. Hugsanlegt grip heldi. Veggir eru slitróttir til vesturs og suðurs. Vegg hæð um 60 cm, breidd veggja um 1 m. Tóftasvæðið er allt þýft, lyngi og grasi vaxið og tóftirnar gamallegar.

Aðrar upplýsingar

Í ferðabók sinni frá árunum 1775-1777 segir Ólafur Olavíus: „Fyrir ofan Sauðárkrók hjá hálsi litlum eða fjallvegi sjást enn tóftir af svonefndum Hæringsbúðum sem sagan segir að kenndar séu við Hæring þann er segir frá í Grettissögu.“ (FO: 328) Hæringsbúðir koma einnig fyrir í lýsingu Kristians Kálund frá 1872-74, hann lýsir tóftunum ítarlega og samræmist sú lýsing vel umræddum tóftum, þrátt fyrir að staðarlýsing sé ónákvæm. Kálund segir: „Í fornritum er stundum sagt að hafskip lendi í Gönguskarðsárási, síðan hlýtur útrennslið að hafa breyst, því að þar loka nú sandhólar fyrir. Fyrir sunnan eru gamlar tóftir, svo sem tóftir eftir kaupmenn, eru þær nefndar Hæringsbúðir [...]. [Tóftirnar] eru þrjár hver af enda annarrar stefna aðeins norður en austur. Vestasta tóftin er um 8 m löng, breidd um 4 m, dyr austast á suðurvegg. Miðtóftin er um 25 m austar. Er hún af sömu stærð 8x4 m, dyr austast á suðurvegg. Þriðja tóftin er um 5 m austar, 7x4 m. Dyr virðast austast á suðurvegg. Tóftirnar eru mjög fornlegar, veggir útflattir, en þó mjög greinilegir, nokkurn vegin beinir, aðeins bognir þó á miðtöft. Mælt var sem næst á miðja vegg.“ (KK: 47)

Í söknarlýsingu séra Jóns Reykjalin, f. 1840 segir: Hæru- eða Hæringsbúðir heita enn nú þar að sunnanverðu við ána, skammt fyrir norðan Hlíðarenda, eyðijörðu út á Hálsunum. Hærubúðir þessar eru nokkrar grasivaxnar tóftir og kvað vera eftir gamlar kaupmannsbúðir. (SSS II: 28) Ólafur Lárusson minnst á kot upp í Hálsinum fyrir ofan Hlíðarenda sem hann kallar Hæringsstaði segir að þar hafi ekki verið býli til langframa vegna lítills landrýmis. (ÓL: 89)

Í viðtali sem Hjalti Pálsson, átti við Egil Helgason, Skógargötu 17, Sauðárkróki á árinu 2000, vísaði Egill á þennan stað sem Hæringsbúðir. Kristmundur Bjarnason segir sagnir um örnefnið Hæringsbúðir mjög á reiki. (KB 1969: 18) Sjálfur vill hann meina að Hæringsbúðir hafi „[...] verið úti á Eyrinni eða nyrst á Króknum, ef til vill á líkum slóðum og Lárubær stóð síðar.“ (KB 1969: 27) Það er rétt að staðarlýsingar eru sumar ónákvæmar og tóftirnar sem oft eru nefndar Hæringsbúðir eru e.t.v.



einkennilega langt frá meintu skipalægi í ósnum, en öðrum heimildum virðist bera saman um að umræddar tóflir hafi í það minnsta gengið undir þessu nafni á 18. og 19. öld.

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, fyrsti hluti. Skagfirzlk fræði.

Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1969.

Kálund, Kristian. Íslenzkir Sögustaðir III, Norðlendingafjórðungi. Reykjavík, 1986.

Ferðabók Ólafs Olaviusar. I, Landshagir í norðvestur-, norður og norðaustursýslum Íslands 1775-1777. Reykjavík 1964.

Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu. 1954.



Hæringsbúðir, horft til austurs. Á myndinni eru Guðm. St. Sig. og Hjalti Pálsson. Ljós m. GZ.

Sauða 181763 48 - 164

Sérheiti: Hæringsbúðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóftaþyrping

Staðsetning: A 468526 N 583635

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrún eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af Móunum þegar farið er upp með Gönguskárðsánni (sunnan ár) er svæði sem kallast Hálsar, þ.e. norðurhlíð fjallsins Molduxa og niður að gili Gönguskarðsár. Gegnt Skarði og Veðramóti. Hæringsbúðir



eru austast á Hálsunum, norðvestur af Hlíðarenda. Umræddar tóftir eru undir þýfum hól eða stalli ofan við vesturenda golfvallarins á Hlíðarenda (innan girðingarinnar sem umlykur völlinn).

Lýsing

Tóftirnar eru þrjár, tvær samliggjandi og ein stök norðan þeirra. Staka tóftin liggur ana-vsv um 10 frá hinum tveim. Mesta vegg hæð er 150 cm og mesta breidd 1m. Veggir eru óljósir, hugsanlegar dyr til n-a. Suður af þessari tóft eru tvær aðrar eins og áður segir, sú vestari þeirra er ferhyrnd og liggur nna/ssv. Tóftin er algróin og töluvert þýfð. Dyr virðast vera mót nna. Veggir til ssv eru nokkuð óljósir. Hæð veggja utan er um 50 cm mót vestri en 20 cm mót austri, þar sem veggurinn liggur að brekku hlíðinni. Við austur horn þessarar tóftar er sú þriðja, hún er einnig ferköntuð og liggur eins. Mesta breidd veggja er 1 m, hæð að utan frá gólfi 1m, frá gólfi 80 cm.

Sauðá 181763 48 - 165

Sérheiti: Hæringsbúðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 468592 N 583619

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrún eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af Móunum þegar farið er upp með Gönguskárársánni (sunnan ár) er svæði sem kallast Hálsar, þ.e. norðurhlíð fjallsins Molduxa og niður að gili Gönguskárársár. Gegnt Skarði og Veðramóti. Hæringsbúðir eru austast á Hálsunum, norðvestur af Hlíðarenda. Umræddar tóftir í miðju sundi sunnan við bakkann sem tóftir nr. 21 standa á. Um 15 suður af næst austustu tóftinni.

Lýsing

Tóftin liggur a-v og er algróin. Engar dyr eru sjáanlegar en veggir eru mikið hrundir. Í miðri tóftinni er aflöng „þúfa“, hugsanlega hrúðið þak. Mesta vegg hæð er 30 cm og breidd 120 cm.

Sauðá 181763 48 - 166

Sérheiti: Hæringsbúðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 468588 N 583593

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrún eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af Móunum þegar farið er upp með Gönguskárársánni (sunnan ár) er svæði sem kallast Hálsar, þ.e. norðurhlíð fjallsins Molduxa og niður að gili Gönguskárársár. Gegnt Skarði og Veðramóti. Hæringsbúðir eru austast á Hálsunum, norðvestur af Hlíðarenda. Umrædd tóft er í brekkufætinum suður af tóftum nr. 21, hinumegin sundsins.



Lýsing

Tóftin er 3 x 3,5 m að innanmáli og liggur nnv-ssa, hún er algróin og veggir töluvert hrundir. Mesta hæð veggja frá gólfi er um 130 cm. Mesta breidd veggja er um 120 cm. Gólfíð hækkar til suðurs upp í brekkuna.



Horft til norðurs yfir tóftir nr. 167 og 168. Ljós. GSS.

Sauðá 181763 48 - 167

Sérheiti: Hæringsbúðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 468506 N 583610

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir, uppblástur

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrún eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af Móunum þegar farið er upp með Gönguskárðsánni (sunnan ár) er svæði sem kallast Hálsar, þ.e. norðurhlíð fjallsins Molduxa og niður að gili Gönguskárðsár. Gegnt Skarði og Veðramóti. Hæringsbúðir eru austast á Hálsunum, norðvestur af Hlíðarenda. Umræddar tóftir eru rétt vestan við girðinguna umhverfis golfvöllinn, í svolitlum hvammi, grasivöxnum með melhóla og gróðurlitla móa umhverfis.

Lýsing

Vestan golfvallarins er aflöng tóft um 32 m að lengd og 12 m að breidd og liggur í nna-ssv. Tóftin eru mjög gamallag, mosa- og lyngivaxin. Innra skipulag er frekar



óljóst en þó má sjá móta fyrir herbergjaskipan. Lítið herbergi virðist vera í sv. enda, 1 x 2 m að innanmáli, sem liggur nv-sa og er opið út til sv og inni stærra herbergi til na. Það herbergi er 9 m langt og um 2 m breitt, og virðast dyr hafa verið til na fyrir miðjum vegg, þar er annað herbergi 2,5 x 3 m með óljósa vegg til suðurs, þetta herbergi gæti hafa verið stærra, en upphafleg veggjalög eru óljós þar sem yngri tóft, líklega af mókofa, er þar ofan á. Sú tóft liggur nna-ssv og er 2 x 3 m að innanmáli með slitróttan vegg til sa, en dyr til nv. Norðvestur af mókofatóftinni er síðasta sýnilega herbergið í eldir tóftinni. Tóftasvæðið er allt nokkuð þýft og mosa og lyngi vaxið, fyrir utan yngri tóftina sem er grasi vaxinn. Hæð tóftasvæðisins er mest þar sem yngri tóftin er ofan á, eða um 170 cm miðað við umhverfið.

Aðrar athugasemdir

Hugsanlega er hér um fornan skála að ræða.

Sauðá 181763 48 - 168

Sérheiti: Hæringsbúðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 468506 N 583605

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir, uppblástur

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrún eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af Móunum þegar farið er upp með Gönguskárðsánni (sunnan ár) er svæði sem kallast Hálsar, þ.e. norðurhlíð fjallsins Molduxa og niður að gili Gönguskárðsár. Gegnt Skarði og Veðramóti. Hæringsbúðir eru austast á Hálsunum, norðvestur af Hlíðarenda. Umræddar tóftir eru rétt vestan við girðinguna umhverfis golfvöllinn, suðaustan í svolitlum hvammi, grasivöxnum með melhóla og gróðurlitla móa umhverfis.

Lýsing

Erfitt er að gera sér grein fyrir innra fyrirkomulagi tóftarinnar. Hún stendur nokkuð hærrí en umhverfið og er mjög þýft og sker sig því vel úr sléttu umhverfinu. Nyrst í tóftinni er hólfi, 2,5 x 2 með dyrum til vesturs, og hugsanlegum gangi um 3,5 m löngum til suðurs inni tóftina. Þar verður tóftin öll mjög óljós, en hugsanlegar dyr má greina til sv.

Sauðá 181763 48 - 26

Hlutverk: Móþurrkun

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 468348 N 583555

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Landbrot

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrún eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af





Skýrsla forgjafarnefndar

Forgjafarnefnd skipuðu Rafn Ingi Rafnsson formaður og Halldór Halldórsson

Helsta verkefni forgjafarnefndar árið 2014 var að greiða fyrir nýju vallarmati. Að höfðu samráði við GSÍ kom fram að okkar vinna fælist í eftirfarandi:

- Að gera yfirlit yfir helstu breytingar sem orðið hefðu á vellinum frá síðustu úttekt. Var að skilja á starfsmanni GSÍ að þetta yrði notað til stuðnings við úttektina.
- Að ákveða og staðfesta lengdir brauta frá merktum viðmiðunarpunkti á teig að miðri flöt. Þetta þurfti fyrir hvíta, gula, bláa, rauða og gulleiga barna.
- Að kalla eftir vallarmatsnefnd GSÍ þegar völlurinn væri kominn í hefðbundinn sumarbúning, búið að forma brautir með slætti og allar merkingar í lagi.

Undirbúningur vallarmats

Um veturinn gerðu formaður vallarnefndar, vallarstjóri og form. forgjafarnefndar í sameiningu greinargerð sem tíundaði breytingar sem orðið höfðu á vellinum frá síðasta vallarmati. Þessi skýrsla var send til GSÍ.

6. maí lá fyrir uppkast að nýju skorkorti með staðfestri lengd brauta.

Keppni

Leikmaður

Undirskrift leikmanns

Undirskrift ritara

Dags.

Leikförgjöf

Golfklúbbur Sauðárkróks



Hola	Hvítir	Gulir	Bláir	Rauðir	Gull	Par	Leikm.	Pkt.	Ritari	Pkt.	Forgj.
1	499	455	396	396	219	5					5
2	355	316	316	263	96	4					9
3	162	149	136	119	68	3					15
4	349	349	314	314	110	4					1
5	389	372	336	336	218	4					7
6	137	137	126	126	58	3					13
7	266	266	220	220	114	4					17
8	439	428	371	371	180	5					3
9	366	344	323	294	164	4					11
Út	2962	2816	2538	2439	1227	36					

Vallarmat (CR) - Vægi (Slope)

Karlar	Hvítir	Gulir	Bláir	Rauðir	Gull
CR	72,2	70,4		66,6	
Slope	126	119		118	

Konur	Bláir	Rauðir	Gull
CR	73,8	72,2	
Slope	128	122	

Vallarmat frá 2009

Fj. í hóp	Tímaviðmið
2	1 klst. og 40 mín.
3	1 klst. og 53 mín.
4	2 klst. og 6 mín.

Hleypið næsta ráshóp strax framúr verði töf á leik ykkar

Undirskrift leikmanns

Undirskrift ritara

Dags.

Leikförgjöf

Golfklúbbur Sauðárkróks



Hola	Hvítir	Gulir	Bláir	Rauðir	Gull	Par	Leikm.	Pkt.	Ritari	Pkt.	Forgj.
10	499	455	396	396	219	5					6
11	355	316	316	263	96	4					10
12	162	149	136	119	68	3					16
13	349	349	314	314	110	4					2
14	389	372	336	336	218	4					8
15	137	137	126	126	58	3					14
16	266	266	220	220	114	4					18
17	439	428	371	371	180	5					4
18	366	344	323	294	164	4					12
Inn	2962	2816	2538	2439	1227	36					
Út	2962	2816	2538	2439	1227	36					
Alls	5924	5632	5076	4878	2454	72					

Leikförgjöf

Nettó

Sýnið tillitssemi við aðra leikmenn og vallarstarfsmenn
Skiljið ekki eftir spor í glömpum
Látið torfusnepla í kylfuför
Lagið boltaför á flötum

Sýnið tillitssemi við aðra leikmenn og vallarstarfsmenn
 Skiljið ekki eftir spor í glömpum
 Látið torfusnepla í kylfuför
 Lagið boltafór á flötum

Á kortinu eru gulleigar sem voru merktir til bráðabrigða á vellinum. Staðsetning þeirra var ákveðin með hliðsjón af reynslu úr barna- og unglingastarfi liðinna ára. Reyndar er enn eftir að merkja gulleigana varanlega.



Tilgangur með gullteigum er að bjóða upp á stytta útgáfu af vellinum til að auðvelda byrjendum að spila golfhring á „eðlilegum“ tíma. Það má deila um það hversu langur völlur á að vera af gullteigum en þetta var niðurstaðan.

Til samanburðar eru hér lengdir á Jaðarsvelli og Arnarholtsvelli og lengdarhlutföll m.v. gula teiga á viðkomandi völlum. Okkar gullteigar eru nokkuð styttri en á Jaðarsvelli en sambærilegir við lengd á Arnarholtsvelli (GHD).

Hlíðarendavöllur

Par 72

H	G	B	R	Gull
105%	100%	90%	87%	44%
5924	5632	5076	4878	2454

Jaðarsvöllur

Par 71

H	G	B	R	Gull
109%	100%	94%	85%	52%
5920	5443	5127	4625	2820

Arnarholtsvöllur

Par 70

G	R	Gull
100%	88%	49%
4854	4284	2394

Þegar búið var að slá fyrsta slátt upp úr miðjum maí voru boð send til GSÍ um að öll skilyrði væru uppfyllt og völlurinn væri klár fyrir vallarmat.

Heimsókn Vallarmatsnefndar

22. júní mætti 3ja manna vallarmatsnefnd um 2 klst. fyrir áður boðaða komu og fengu fulltrúar GSS því ekki tækifæri til að fylgjast með störfum matsmanna. Forgjafarnefnd (RIR & HH) áttu þó óformlegan fund með þeim í skála þegar þeir höfðu gengið völinn. Þar gagnrýndu útsendarar GSÍ að runnar hægra megin á fyrstu braut væru merktir sem aðkomuvatn. Sem rök með bentu fulltrúar GSS á að vatn safnaðist saman í pytti norðan við runnana, sem vel mætti merkja sem hliðarvatnstorfæru en við leyfðum okkur að teygja merkinguna út fyrir runnana m.a. til að gera mörk torfærunnar sýnileg. Einnig væri mikið hagræði í þessu, flýtti leik o.s.frv.


Síðan 22. júní hefur ekki heyrst frá vallarmatsnefndinni og bíðum við enn eftir uppfærðu mati. Áform um að byrjendur geti spilað til forgjafar af gullteigum urðu því að engu sl. sumar. Margir telja að vallarmatið frá 17. mars 2009 sé löngu úrelt og mikil vonbrigði að þessu verkefni sé enn ólokið.




Þróun forgjafar

Meðalforgjög 5 forgjafarlægstu kylfinga klúbbsins hefur staðið í stað síðustu 4 árin og ef skoðaðir eru 20 forgjafarlægstu þá eru þeir á sama róli og fyrir 4 árum.

Þróun forgjafar frá 1985



Fjöldi félaga með virka forgjög frá 2008





Mesta lækkunin

Alls lækkuðu 26 forgjöfina árið 2014, m.v. 25 árið 2013 og 31 árið 2012.

Eftirfarandi tafla afhjúpar þessa snillinga.

Nr.	Nöfn	2013	2014	Breyting
1	Friðjón Bjarnason	27,6	20,4	-7,2
2	Telma Ösp Einarsdóttir	36,0	29,9	-6,1
3	Guðmundur Ágúst Guðmundsson	35,9	31,4	-4,5
4	Róbert Óttarsson	35,0	30,9	-4,1
5	Herdís Á Sæmundardóttir	36,0	32,5	-3,5
6	Þorvaldur Gröndal	26,1	23,1	-3,0
7	Þröstur Friðfinnsson	12,4	9,7	-2,7
8	Hákon Ingi Rafnsson	19,1	17,0	-2,1
9	Andri Þór Árnason	19,5	17,5	-2,0
10	Aldís Ósk Unnarsdóttir	12,3	10,3	-2,0
11	Nína Þóra Rafnsdóttir	36,0	34,2	-1,8
12	Arnar Geir Hjartarson	5,5	3,8	-1,7
13	Ásgeir Björgvin Einarsson	13,9	12,4	-1,5
14	Ragnheiður Matthíasdóttir	15,2	13,7	-1,5
15	Guðmundur Ragnarsson	14,0	13,0	-1,0
16	Dagbjört Rós Hermundardóttir	14,8	14,0	-0,8
17	Rafn Ingi Rafnsson	11,6	10,9	-0,7
18	Elvar Ingi Hjartarson	7,9	7,2	-0,7
19	Sigríður Elín Þórðardóttir	11,5	10,8	-0,7
20	Ásmundur Baldvinsson	17,8	17,2	-0,6
21	Reynir Barðdal	16,1	15,6	-0,5
22	Magnús Gunnar Gunnarsson	11,3	10,9	-0,4
23	Svanborg Guðjónsdóttir	16,6	16,3	-0,3
24	Árný Lilja Árnadóttir	8,1	7,9	-0,2
25	Einar Ágúst Gíslason	24,9	24,7	-0,2
26	Matthildur Kemp Guðnadóttir	15,7	15,6	-0,1

Endurmat á forgjöf

Skv. EGA forgjafarkerfinu er forgjöf endurmetin árlega hjá öllum kylfingum sem hafa skilað 4 eða fleiri gildum skorum á árinu. Þeir sem ekki skila 4 hringjum til forgjafar byrja næsta ár með óvirka forgjöf. Skila þarf 3 gildum skorum til að virkja forgjöf aftur.

Niðurstaða endurmatsins var sú að engan þarf að hækka (sem er einsdæmi) en fjórir heiðursmenn verða lækkaðir eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Nafn	Forgjöf	MSS	EASS	PD	Notuð kort	Flestir punktar	Ráðlögð aðgerð	Breyting
Þorvaldur Gröndal	23,1	35.5	30.5	5.0	12	39	Lækka forgjöf	-2
Andri Þór Árnason	17,5	34	31.0	3.0	10	40	Lækka forgjöf	-1
Friðjón Bjarnason	20,4	35	30.5	4.5	14	43	Lækka forgjöf	-1
Róbert Óttarsson	30,9	34	30.0	4.0	19	40	Lækka forgjöf	-1

MSS: Miðgildi skora sumarsins, minnst 8 kort notuð.

EASS: Evrópu-meðaltal Stabelford skor (Mismunandi fyrir forgjafarflokka).

PD: Frávik leikmanns. (MSS – EASS).

Meira en $\pm 3,0 \Rightarrow$ Forgjöf lækkar / hækkar um 1.

Meira en $\pm 5,0 \Rightarrow$ Forgjöf lækkar / hækkar um 2.



Forgjafarskjöldurinn 2014

Árlega er metið hver hefur staðið sig best með ákveðinni reikniaðferð. Þetta er meira gert til gamans en gagns og má deila um aðferðina en skv. henni betra að lækka úr 10 í 5 heldur en að fara úr 30 í 25. Sömuleiðis er það metið miklu betra að standa í stað með 5 í forgjöf heldur en að vera fastur í 15.

Aðferðin er: 2 x Upphafsforgjöf – 3 x Lokaforgjöf

Hér eru 15 efstu sætin samkvæmt þessari aðferð:

Nr.	Nafn	2013	2014	Hringir		Skjöldur
1	Arnar Geir Hjartarson	5,5	3,8	26	↓	-0,4
2	Þróstur Friðfinnsson	12,4	9,7	9	↓	-4,3
3	Jóhann Örn Bjarkason	4,7	4,8	18	↑	-5,0
4	Elvar Ingi Hjartarson	7,9	7,2	25	↓	-5,8
5	Friðjón Bjarnason	27,6	20,4	14	↓	-6,0
6	Aldís Ósk Unnarsdóttir	12,3	10,3	17	↓	-6,3
7	Ingi Þór Óskarsson	5,9	6,3	23	↑	-7,1
8	Árný Lilja Árnadóttir	8,1	7,9	10	↓	-7,5
9	Brynjar Örn Guðmundsson	7,7	7,8	9	↑	-8,0
10	Ásgeir Björgvin Einarsson	13,9	12,4	30	↓	-9,4
11	Sigríður Elín Þórðardóttir	11,5	10,8	31	↓	-9,4
12	Rafn Ingi Rafnsson	11,6	10,9	29	↓	-9,5
13	Halldór Halldórsson	8,5	9,0	8	↑	-10,0
14	Magnús Gunnar Gunnarsson	11,3	10,9	22	↓	-10,1
15	Ragnheiður Matthíasdóttir	15,2	13,7	19	↓	-10,7






Til að kylfingar séu gjaldgengir í þennan útreikning er gerð krafa um virka forgjöf.



Greining á skorkortum

Til grundvallar eru 791 mótsskor frá kylfingum af öllum getustigum. Niðurstaða:

- **9. brautin** fer upp fyrir 2. brautina sem 5. erfiðasta holan.
- **5 brautin** fer úr 3. sæti upp í 1. sæti sem erfiðasta holan.





Forgjafarlisti í lok árs 2014

Kylfingar með virka forgjöf í lok árs 2014 áður en árlegri endurskoðun er beitt.

Nr.	Nafn		2013	2014	Breyting
1	Arnar Geir Hjartarson	↓	5,5	3,8	-1,7
2	Jóhann Örn Bjarkason	↑	4,7	4,8	0,1
3	Ingvi Þór Óskarsson	↑	5,9	6,3	0,4
4	Elvar Ingi Hjartarson	↓	7,9	7,2	-0,7
5	Brynjar Örn Guðmundsson	↑	7,7	7,8	0,1
6	Árný Lilja Árnadóttir	↓	8,1	7,9	-0,2
7	Halldór Halldórsson	↑	8,5	9,0	0,5
8	Þröstur Friðfinnsson	↓	12,4	9,7	-2,7
9	Aldís Ósk Unnarsdóttir	↓	12,3	10,3	-2,0
10	Hlynur Freyr Einarsson	↑	9,9	10,4	0,5
11	Haraldur Friðriksson	↑	10,0	10,6	0,6
12	Sigríður Elín Þórðardóttir	↓	11,5	10,8	-0,7
13	Magnús Gunnar Gunnarsson	↓	11,3	10,9	-0,4
14	Rafn Ingi Rafnsson	↓	11,6	10,9	-0,7
15	Ásgeir Björgvin Einarsson	↓	13,9	12,4	-1,5
16	Guðmundur Ragnarsson	↓	14,0	13,0	-1,0
17	Einar Einarsson	↑	13,1	13,4	0,3
18	Ragnheiður Matthíasdóttir	↓	15,2	13,7	-1,5
19	Guðmundur Þór Árnason	↑	12,3	13,8	1,5
20	Hjörtur S Geirmundsson	↑	13,3	13,8	0,5
21	Dagbjört Rós Hermundardóttir	↓	14,8	14,0	-0,8
22	Sigríður Eygló Unnarsdóttir	↑	14,8	14,9	0,1
23	Matthildur Kemp Guðnadóttir	↓	15,7	15,6	-0,1
24	Reynir Barðdal	↓	16,1	15,6	-0,5
25	Svanborg Guðjónsdóttir	↓	16,6	16,3	-0,3
26	Jónas Már Kristjánsson	↑	16,3	16,6	0,3
27	Hákon Ingi Rafnsson	↓	19,1	17,0	-2,1
28	Sævar Steingrímsson	↑	16,7	17,1	0,4
29	Ásmundur Baldvinsson	↓	17,8	17,2	-0,6
30	Ingibjörg Ólöf Guðjónsdóttir	↑	17,0	17,4	0,4
31	Andri Þór Árnason	↓	19,5	17,5	-2,0
32	Pálmi Þórsson	↑	17,1	17,6	0,5
33	Björn Sigurðsson	↑	17,8	18,3	0,5
34	Unnar Rafn Ingvarsson	↑	18,8	19,4	0,6
35	Friðjón Bjarnason	↓	27,6	20,4	-7,2
36	Ingileif Oddsdóttir	↑	21,9	22,4	0,5
37	Þorvaldur Gröndal	↓	26,1	23,1	-3,0
38	Guðni Kristjánsson	↑	22,8	23,3	0,5
39	Ólöf Herborg Hartmannsdóttir	↑	20,7	24,1	3,4
40	Einar Ágúst Gíslason	↓	24,9	24,7	-0,2
41	Margrét Stefánsdóttir	↑	24,8	25,1	0,3
42	Telma Ösp Einarsdóttir	↓	36,0	29,9	-6,1
43	Gunnar M Sandholt	↑	30,1	30,7	0,6
44	Róbert Óttarsson	↓	35,0	30,9	-4,1
45	Guðmundur Ágúst Guðmundsson	↓	35,9	31,4	-4,5
46	Sigmundur Guðmundsson	↑	30,3	31,5	1,2
47	Herdís Á Sæmundardóttir	↓	36,0	32,5	-3,5
48	Nína Þóra Rafnsdóttir	↓	36,0	34,2	-1,8
49	Arnar Freyr Guðmundsson	-	36,0	36,0	0,0

F.h. forgjafarnefndar,

Rafn Ingi Rafnsson, formaður



Skýrsla barna- og unglinganefndar

Barna-og unglinganefnd GSS skipuðu: Árný Lilja Árnadóttir, Kristján Jónasson, Kári H. Árnason, Hanna Dóra Björnsdóttir, Helga Jónína Guðmundsdóttir og Hjörtur Geirmundsson.

Inniæfingar á „Flötinni“ byrjuðu í janúar og voru haldnar vikulega, þar sem skipt var í hópa eftir aldri og getu. Þar var bæði slegið í net, púttað, vippað og eins farið í golfherminn. Umsjón með þessum æfingum höfðu þau Árný, Hjörtur og Arnar Geir. Flötin hefur gert það að verkum að aðstaða til golfiðkunar breyttist til mikilla muna og var sérstaklega jákvætt hvað var mikil fjölgun í flokki ungra kylfinga samfara þessu.

Þjálfari sumarsins var Hlynur Þór Haraldsson og kom hann til okkar í byrjun maí og hófust þá þegar æfingar hjá honum. Allt starfið gekk vel í sumar og mikill munur að hafa íslenskan þjálfara og Hlynur náði mjög vel til allra sem hann þjálfði í sumar. Við höfðum vonast til þess að geta ráðið hann til lengri tíma en í sumar en því miður eru bara ekki fjármunir fyrir hendi hjá klúbbnum til þess. Við höfum verið dugleg að gera okkur sýnileg á heimasíðunni okkar www.gss.is og við erum einnig með facebook síðu sem heitir Unglingastarf Golfklúbbs Sauðárkróks. Þá var einnig stofnaður hópur á facebook sem heitir Golfmyndir GSS. Þar er að finna fjöldan allan af myndum sem teknar hafa verið á undanförunum árum. Þessar myndir eru bæði úr barna-og unglingastarfinu en einnig er að finna myndir frá hinum ýmsum viðburðum hér á Hlíðarendavelli.

Golfskólinn byrjaði 3. júní hjá okkur og var hann með því sniði að yngstu þátttakendurnir voru frá kl. 10 - 12 mánudaga – föstudaga, en þau eldri voru til a.m.k. 15 á daginn. Sumartím var á milli 8 og 10 mánudaga til fimmtudaga. Ungir kylfingar aðstoðuðu við golfskólann og Sumartím og komu þau í gegnum vinnuskólann. Eins og undanfarin ár stóðu þau sig með mikilli þrýði og þakkar klúbburinn þeim mikið vel fyrir sumarið. Einnig viljum við þakka Sveitarfélaginu kærlega fyrir þessa aðstoð við starfið sem skiptir verulega miklu máli.

Um 30 þátttakendur voru í golfskólanum þetta árið en um 60 skráningar komu í gegnum Sumartím að auki. Það var því oft líf og fjör á vellinum í sumar. Golfskólinn stóð fram í lok ágúst.

Að auki þá koma yfirleitt nokkrir krakkar í golfskólann í 2-4 vikur í viðbót við þessa 30 sem eru virkir allt sumarið. Oftast eru það krakkar sem eiga tengingar í Skagafjörð og eru í sumarheimsóknum hjá ömmu og afa eða öðrum ættingjum.

Helstu viðburðir okkar hér heima fyrir voru þessir:

Við störtuðum starfinu með flottum fjölskyldudegi 17.maí þar sem var flott mæting. Fórum í ýmsa leiki, vorum með sölu á notuðum golfvörum, vöfflur fyrir mannskapinn ofl. skemmtilegt.

Við héldum Opna Nýprent barna-og unglingamótið 15. júní. Keppendur voru 75 og voru 18 þeirra frá Golfklúbbi Sauðárkróks (GSS). Einnig voru keppendur frá Golfklúbbi Akureyrar (GA), Golfklúbbnum Hamri á Dalvík (GHD) og Golfklúbbi Ólafsfjarðar (GÓ). Öll úrslit er að finna á heimasíðu klúbbsins og á www.golf.is.

Aðalfjáröflunin okkar þetta sumarið var golfmaraþonið 26.júní. Krakkarnir voru mjög dugleg að safna áheitum og fá bæjarbúar miklar þakkir fyrir góðar móttökur við þessari fjáröflun okkar. Spilað var frá kl. 8 um morguninn og fram til kl.21 og náði hópurinn að spila 1183 holur. Þau sem spiluðu mest náðu 72 holum.



Meistaramótið var haldið 1.-4. júlí í 5 flokkum. Þáttakendur voru 15 talsins.

Úrslitin voru sem hér segir:

1 flokkur stelpur 2 x 18 holur – rauðir teigar

1. Telma Ösp Einarsdóttir	262 högg
2. Marianna Ulriksen	317 högg

1 flokkur strákar 3 x 18 holur – gulir teigar

1. Elvar Ingi Hjartarson	249 högg
2. Hákon Ingi Rafnsson	260 högg
3. Pálmi Þórsson	280 högg

2 flokkur stelpur 3 x 9 holur – rauðir teigar

1. Hildur Heba Einarsdóttir	219 högg
2. Anna Karen Hjartardóttir	230 högg
3. Helga Júlíana Guðmundsdóttir	240 högg

2 flokkur strákar 3 x 9 holur – rauðir teigar

1. Viktor Kárasón	160 högg
2. Ívar Elí Guðmundsson	189 högg
3. Arnar Freyr Guðmundsson	190 högg

3 flokkur strákar 2 x 9 holur – gullteigar

1. Reynir Bjarkan B Róbertsson	110 högg
2. Bogi Sigurbjörnsson	118 högg
3. Gabríel Jökull Brynjarsson	137 högg

Golfkeppnin á Unglingalandsmótinu fór fram 31.júlí og 1.ágúst. Keppt var í flokkum 11-13 ára sem spiluðu 18 holu punktkeppni án forgjafar og síðan var leikinn 36 holur höggleikur í flokkum 14-15 ára og 16-18 ára. Keppendur voru 50 í þessum flokkum og náðist góður árangur í flestum flokkum. Fjölmargir klúbbfélagar aðstoðuðu við framkvæmd þessa móts sem tókst í alla staði mjög vel. Helstu úrslit er að finna á heimsíðunni okkur og heildarúrslit á www.golf.is.

Golfklúbburinn náði ekki að senda sveitir í sveitakeppni unglunga að þessu sinni en bæði í karla og kvennasveitum klúbbsins eru ungir kylfingar. Hákon Ingi Rafnsson tók hins vegar þátt í sveitakeppni 15 ára og yngri með sameiginlegri sveit GSS/GÓ/GHD/GH og stóð sig með mikilli þýði.

Í ágúst héldum við hraðgolfmót og fórum einnig í ferð á Skagaströnd þar sem Háagerðisvöllur var spilaður. Að því búnu var farið í sund á Blönduósi og að lokum endað í golfskálanum á Hlíðarenda í pizzuveislu.

Uppskeruhátíðin var 4. október. Flott mæting var og mikil stemming. Byrjað var á Flötinni og þar var tekið létt þúttmót og allir fengu að prófa golfherminn. Að því búnu var farið í golfskálann þar sem viðurkenningar voru veittar:

Bestu kylfingarnir voru þau Aldís Ósk Unnarsdóttir og Elvar Ingi Hjartarson

Mestu framfarir hlutu Bogi Sigurbjörnsson, Reynir Bjarkan Róbertsson og Telma Ösp Einarsdóttir



Efnilegust voru Anna Karen Hjartardóttir og Hákon Ingi Rafnsson Bestu ástundum fengu Maríanna Ulriksen og Gabríel Brynjarsson. Síðan voru veitt verðlaun fyrir þau sem voru til fyrirmyndar bæði innan vallar sem utan. Þau hlutu Hildur Heba Einarsdóttir og Arnar Freyr Guðmundsson.

Okkar unglingar voru einnig dugleg við að taka þátt í Íslandsbankamótaröð GSÍ og áttum við fulltrúa á flestum mótunum þ.m.t. Íslandsmót í högggleik og holukeppni. Við áttum einnig keppendur á áskorendamótaröðinni þetta sumarið. Norðurlandsmótaröðin var í gangi með aðeins breyttu sniði. Fyrsta mótið haldið hjá okkur 15. júní eins og fyrr segir. Mót númer tvö var haldið á Dalvík 6. júlí. Mót númer þrjú var haldið á Ólafsfirði 27. júlí og lokamótið á Akureyri 13. september.

Við viljum þakka öllum þeim fjölmörgu sem að komu að starfinu s.l. sumar, stjórn klúbbsins sem að studdi okkur dyggilega, foreldrum og öðrum sjálfbóðaliðum. Eins og máltækið segir „margar hendur vinna létt verk“ og það á svo sannarlega við hjá okkur. Öflugt og óeigingjarnt starf sjálfbóðaliða skilar því að við getum haldið úti öflugum barna-og unglingastarfi og vonum við að svo verði áfram um ókomin ár – golfklúbbum til heilla. Við viljum einnig þakka fjölmörgum styrktaraðilum okkar sem og þeim sem studdu okkur í fjáröflunum sumarsins. Þá ber sérstaklega að þakka golfkennaranum okkar honum Hlyni Þór Haraldssyni fyrir hans starf í sumar.

F.h. barna- og unglinganefndar

Hjörtur Geirmundsson, formaður



Skýrsla húsnefndar

Húsnefnd GSS skipuðu: Margrét Stefánsdóttir, skálamma og Gunnar Sandholt, skálapabbi.

Starfssvið nefndarinnar er að sjá um ráðnigu starfsmanna, rekstur og innkaup sjoppunnar , gerð vaktaskýrslu starfsmanna og starfslýsingar

- Starfsmenn sem ráðnir voru sl sumar:
- Ásgeir Þróstur Gústafsson (19 ára) 100% starf,
- Aldís Ósk Unnarsdóttir (17 ára) 70% starf
- Kolfinna Einarsdóttir (16 ára) 50 – 70%.
- Stóðu þau öll vel fyrir sínu.

Auk þess ber að þakka sjálfboðaliðum, sem oft hlupu undir bagga, t.d. um Verslunarmannahelgi, á unglingalandsmóttinu og þegar sveitakeppni II. deildar kvenna var haldin að Hlíðarenda. Verða engin nöfn tíunduð, en ítrekaðar þakkir. Þó skal þar ein undantekning gerð. Hjörtur Geirmundsson veitti okkur, sem erum frekar illa að okkur í bókhaldi og uppgjörum hvers konar (enda bæði meira í umönnun en bísness) ómtanlega aðstoð við vörutalningu og uppgjör.

Í golfskála er gríðar stuð
góðgerðirnar flestum kunnar
unglingarnir iðka það
eftir reka Margrét og Gunnar

F.h. húsnefndar,

Margrét Stefánsdóttir
Gunnar Sandholt



Kvinnasveit GSS sigurvegarar í 2.deild



Sigurvegarar í Opna Vodafone og Coca Cola 2.ágúst



British Open á Sauðárkróki



Unglingalandsmót UMFÍ – sigurvegarar í 11 – 13 ára stúlkur



Sigurvegarar í Opna ÍcelandairGolfers



Skýrsla nýliða - og kynningarnefndar

Nefndina skipa: Dagbjört Rós Hermundsdóttir formaður, Einar Ágúst Gíslason og Herdís Sæmundardóttir

Fyrsta verk nefndarinnar var í maí þegar starfsmenn Landsbankans komu í kynningu í inniaðstöðu Golfklúbbsins. Þar fengu þau kynningu á Golfklúbbum, lærðu að pútta og fóru í púttkeppni. Hlynur Þór Haraldsson golfkennari kenndi þeim síðan réttu handtökin við sveifluna og farið var í golfherminn.

Við höldum 1 fund með Hlyni Þór golfkennara þar sem við fórum yfir það sem við höfum verið að gera og hann sagði okkur frá sínum hugmyndum sem voru mjög góðar. Ekki komumst þær nú allar í framkvæmd, en bíða betri tíma með blóm í haga.

Aðal verkefni nefndarinnar var að sjá um háforgjafarmótin sem eru svo sannarlega komin til að vera. Við höldum 8 háforgjafarmót og var þátttakan mjög góð í mótunum. Það voru á bilinu 10-16 manns sem tóku þátt í hverju móti nema að það voru 8 með í einu móti. Sigurvegarar í háforgjafarmótunum voru: Nína Þóra Rafnsdóttir, Herdís Sæmundardóttir, Helga Dóra Lúðvíksdóttir, Róbert Óttarsson, sem sigraði í 2 mótum og Telma Ösp Einarsdóttir sigraði í 3. Eftir síðasta mótið vorum við með veitingar, þar sem hver og einn kom með eitthvað góðgæti með sér og úr varð dýrindis hlaðborð. Allir fengu verðlaun fyrir hin ýmsu afrek sumarsins og úr varð frábær kvöldstund.

Margir voru oft að spila vel og fengu lækkun á sinni forgjöf. Þess má geta að Telma Ösp Einarsdóttir var komin niður fyrir 30 í forgjöf fyrir síðasta mótið og þar með ekki lengur gjaldgeng í mótunum. Það er alltaf mjög ánægjulegt þegar svona vel gengur.

Það bættust margir einstaklingar í hópinn í sumar og var það mjög gleðilegt og alltaf er gaman að taka á móti nýjum einstaklingum. Þau stóðu sig öll mjög vel sem og allir sem tóku þátt í mótunum. Þetta er skemmtilegur og samheldin hópur og það er gríðarlega gaman að starfa með þeim.

Háforgjafarmótin hafa sannarlega sannað gildi sitt og hvers virði það er fyrir nýliða að koma í mótin, fá æfingu í að spila, taka þátt í mótum og síðast en ekki síst að kynnast öðrum í klúbbum. Það er auðveldara að koma inn í hóp þar sem allir eru á sama plani, heldur en að fara beint í stærri mót. Þessi mót er góður undirbúningur fyrir það.

F.h. Nýliða – og kynningarnefndar

Dagbjört Rós Hermundsdóttir formaður



Skýrsla byggingar- og skipulagsnefndar

Nefndina skipuðu: Ásgeir Einarsson formaður, Guðmundur Ragnarsson, Haraldur Friðriksson, Magnús Rögnvaldsson, Steinar Skarphéðinsson, Guðmundur Þ. Árnason

Skýrsla byggingar- og skipulagsnefndar vegna starfsársins 2014 lögð fram á aðalfundi G.S.S. 9. desember.

Á fundi byggingar- og skipulagsnefndar árið 2011 komu upp umræður um að ef byggður væri nýr skáli, þá væri spurning hvar sú staðsetning að vera. Lokaniðurstaðan varð sú að skálastaðsetning væri best komin þar sem skálinn er staðsettur nú en hugsanlega lækka landið aðeins niður, til að fá betri aðkomu að skálanum.

Teikningar voru gerðar og lagðar fyrir stjórn golfklúbbsins að nýrri skemmu sem hýsti vélageymslu, inniaðstöðu og kylfugeymslu.

Staðsetning á þeirri skemmu var hugsuð þar sem núverandi vélageymsla er.

Það er skemmst frá því að segja að í byrjun árs 2012 var svo ákveðið að leita að hentugu húsnæði undir starfsemi félagsins sem staðsett væri í iðnaðarhverfi.

Það húsnæði fannst og var keypt.

Þannig að allar bollaleggingar um að byggja nýtt hús var slegið á frest.

Upp hafa komið hugmyndir um að færa æfingarsvæði félagsins norðan við skála þannig að það snéri norður suður. En vegna ríkjandi vindátta telur stjórn bygginganefndar að æfingarsvæði sé best niðurkomið á núverandi stað, ef það svæði fæst til langframa.

Miklar umræður hafa skapast í gegnum tíðina um að stækka golfvöllinn í 18 holur og er ekki almenn samstaða um þau mál.

Hefur byggingar- og skipulagsnefnd ásamt stjórn klúbbsins undanfarin ár þrýst á bæjarfélagið að endurúthluta ekki þeim lóðum sem losna og frístundabændur hafa afnot af, sunnan við núverandi golfsvæði. Sveitarstjórn sendi bréf fyrir fjórum árum síðan til viðkomandi aðila og var þeim tilkynnt að í lok árs 2017 þyrfti svæðið að vera laust.

Það er álit undirritaðs að þó að stækkun vallarins í 18 holur verði ekki á næstu áratugum, þá ber okkur skylda til fyrir komandi kynslóðir að halda þessari vinnu áfram og tryggja okkur þetta land þó svo að það verði ekki nýtt í nánustu framtíð.

Fundur var haldinn í byggingar- og skipulagsnefnd 7. desember 2014 þar sem farið var í gegnum þessi mál aftur og var nefndin sammála um að mjög aðkallandi væri að fara út í heildarskipulag á svæði golfklúbbsins þannig að það sé í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins.

Telur nefndin að fyrsta skrefið sé að fá fund með fulltrúum sveitarfélagsins til að ræða skipulagsmál ásamt langtíma áætlun með aðkomu sveitarfélagsins varðandi uppbyggingu þeirra mannvirkja sem nauðsynlegt er að golfklúbburinn reysi næstu árin.

F.h. byggingar- og skipulagsnefndar.

Ásgeir Einarsson formaður.



Golfklúbbur Sauðárkróks

Ársreikningur 2014



Hlíðarenda
550 Sauðárkrókur
Kt. 570884-0349



Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun félagsstjórnar og skoðunarmanna	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymisyfirlit	6
Skýringar og sundurliðanir	7
Skýringar og sundurliðanir	45

Áritun félagsstjórnar

Stjórn Golfklúbbs Sauðárkróks staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir starfsárið 1. nóvember 2013 til 31. október 2014 með undirritun sinni.

Stjórnin leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Sauðárkróki 30. nóvember 2014

Í stjórn:

Pétur Friðjónsson, formaður

Halldór Halldórsson

Dagbjört Hermundsdóttir

Ragnheiður Matthíasdóttir

Sigríður Elín Þórðardóttir

Rúnar Vífilsson

Hjörtur Geirmundsson

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbs Sauðárkróks, höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir starfsárið 1. nóvember 2013 til 31. október 2014 og teljum hann gefa glögga mynd af afkomu félagsins á rekstrartímabilinu og efnahag þess 31. október 2014.

Sauðárkróki 30. nóvember 2014

Haraldur Friðriksson

Sigmundur Guðmundsson

Rekstrarreikningur árið 2014

	Skýr.	01.11.2013 31.10.2014	01.11.2012 31.10.2013
Rekstrartekjur:			
Félagsgjöld		3.375.150	3.238.656
Auglýsingatekjur og styrkir		4.435.000	3.940.000
Tekjur af mótum, unglinganefnd o.fl.		3.332.645	3.413.288
Vallarleigutekjur		1.203.650	1.557.080
Vörusala		3.546.652	3.277.973
Aðrar rekstrartekjur		10.932.650	11.707.188
		<u>26.825.747</u>	<u>27.134.185</u>
Rekstrargjöld:			
Rekstur vallar		16.380.977	15.794.756
Rekstur skála		1.979.698	1.881.845
Vörukaup og leigugjöld golfskála		2.633.672	2.625.580
Annar rekstrarkostnaður		2.902.192	2.871.811
Afskriftir	2	1.691.856	1.789.351
		<u>25.588.395</u>	<u>24.963.343</u>
Rekstrarhagnaður		1.237.352	2.170.842
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Fjármunatekjur		4.741	10.696
Fjármagnsgjöld		(2.055.939)	(2.080.176)
		<u>(2.051.198)</u>	<u>(2.069.480)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins		<u>(813.846)</u>	<u>101.362</u>

Efnahagsreikningur 31. október 2014

	Skýr.	31.10.2014	31.10.2013
Eignir			
Fasteignir og golfvöllur	2,3	28.441.795	29.518.202
Áhöld og tæki	2,3	3.218.760	3.817.118
Fastafjármunir samtals		<u>31.660.555</u>	<u>33.335.320</u>
Birgðir		418.055	282.354
Viðskiptakröfur		1.238.289	1.179.028
Handbært fé		731.787	693.062
Veltufjármunir samtals		<u>2.386.131</u>	<u>2.154.442</u>
Eignir samtals		<u>34.046.686</u>	<u>35.489.762</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		10.648.703	11.462.549
Eigið fé samtals	4	<u>10.648.703</u>	<u>11.462.549</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		15.385.675	18.452.195
Langtímaskuldir samtals	5	<u>15.385.675</u>	<u>18.452.195</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		2.852.777	2.145.970
Næsta árs afborgun langtímaskulda	5	3.234.638	3.313.453
Aðrar skammtímaskuldir		1.924.893	115.595
Skammtímaskuldir samtals		<u>8.012.308</u>	<u>5.575.018</u>
Skuldir samtals		<u>23.397.983</u>	<u>24.027.213</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>34.046.686</u>	<u>35.489.762</u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2014

	Skýr.	01.11.2013 31.10.2014	01.11.2012 31.10.2013
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	(	813.846)	101.362
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		1.691.856	1.789.351
Verðbætur langtímalána		0	150.454
Veltufé frá rekstri		878.010	2.041.167
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Birgðir, lækkun (hækkun)	(	135.701)	(22.334)
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	(	57.263)	(1.143.986)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		1.809.298	(299.174)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		1.616.334	(1.465.494)
Handbært fé frá rekstri		2.494.344	575.673
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(	17.091)	(1.865.455)
Fjárfestingarhreyfingar	(	17.091)	(1.865.455)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán		0	0
Afborganir langtímalána	(	3.145.335)	(2.965.270)
Skammtímalán, breyting		706.807	2.145.970
Fjármögnunarhreyfingar	(	2.438.528)	(819.300)
Breyting á handbæru fé			
Breyting á handbæru fé		38.725	(2.109.082)
Handbært fé í ársbyrjun		693.062	2.802.144
Handbært fé í lok ársins		731.787	693.062

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda.

c. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að fráðregnum afskriftum.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir og golfvöllur	20-33 ár
Áhöld og tæki	4-7 ár

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig:

	Borgar- flöt 2	Golfvöllur, skáli og geymsla	Vélar og tæki	Samtals
Bókfært verð 1.11.2013	18.554.480	10.963.722	3.817.118	33.335.320
Keypt á árinu	182.359	2.334.732	0	2.517.091
Styrkur vegna framkvæmda		(2.500.000)		(2.500.000)
Afskrifað á árinu	(586.561)	(506.937)	(598.358)	(1.691.856)
Bókfært verð 31.10.2014	18.150.278	10.291.517	3.218.760	31.660.555

Afskriftahlutföll	3%	5%	15-25%
-------------------------	----	----	--------

3. Fasteignamat og vátryggingaverð

	Fasteignamat	Brumabótamat	Bókfært verð
Borgarflöt 2 (213-1289)	13.640.000	36.800.000	18.150.278
Golfvöllur, skáli og geymsla (213-2545)	19.000.000	28.110.000	10.291.517
Vélar og tæki			3.218.760
			31.660.555

Skýringar, frh.:

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Samtals
Eigið fé 1.11. 2013	11.462.549
Rekstrarniðurstaða ársins	(813.846)
Staða 31.10. 2014	<u>10.648.703</u>

5. Langtímaskuldir

Langtímalán greinast þannig:

Lánveitandi	Lánsform	Vísitala	Vaxtakjör	Staða
Landsbankinn hf	Skuldabréf	Nvt	6,20%	1.525.118
Afl Sparisjóður	Skuldabréf	Övt	7,90%	17.095.195
				<u>18.620.313</u>
Næsta árs afborganir				(3.234.638)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi				<u>15.385.675</u>

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Árið 2015	3.234.638
Árið 2016	1.709.520
Árið 2017	1.709.520
Árið 2018	1.709.520
Árið 2019	1.709.520
Síðar	8.547.595
	<u>18.620.313</u>

Sundurliðanir

	01.11.2013 31.10.2014	01.11.2012 31.10.2013
Auglýsingatekjur og styrkir:		
Sveitarfélagið Skagafjörður, barna- og unglingastarf	3.200.000	2.800.000
Framlög, styrkir og auglýsingar	1.235.000	1.140.000
	<u>4.435.000</u>	<u>3.940.000</u>
Tekjur af mótum, unglinganefnd o.fl.:		
Mótsgjöld	2.517.425	2.549.099
Unglinganefnd - fjárfloðun	815.220	864.189
	<u>3.332.645</u>	<u>3.413.288</u>
Vallarleigutekjur:		
Vallarleigutekjur	986.700	1.211.710
Kúluleiga	216.950	345.370
	<u>1.203.650</u>	<u>1.557.080</u>
Aðrar rekstrartekjur:		
Sveitarfélagið Skagafjörður v/þróttavallar	2.778.993	1.873.655
Sláttusamningur við Sveitarfélagið Skagafjörð	6.901.127	8.155.350
Lottó	209.685	191.075
SumarTím og kennsla	128.000	211.400
Ýmsar fjáraflanir	35.500	810.000
Aðrar tekjur	389.345	25.708
Húsaleigutekjur, Borgarflöt 2	490.000	440.000
	<u>10.932.650</u>	<u>11.707.188</u>
Rekstur vallar:		
Laun og tengd gjöld	12.117.208	11.885.524
Viðhald tækja og olíur	2.444.631	1.935.406
Námskeið starfsmanna	39.000	
Vátryggingar	134.821	194.973
Rekstur á golfvelli	1.275.496	1.267.828
Áburður, fræ o.fl.	270.531	382.497
Flutningskostnaður	99.290	148.528
	<u>16.380.977</u>	<u>15.794.756</u>
Rekstur fasteigna:		
Rekstur húsnæðis, Hlíðarendi	156.211	160.952
Rekstur húsnæðis, Borgarflöt 2	10.917	96.895
Rafmagn og heitt vatn, Hlíðarendi	350.005	347.640
Rafmagn og heitt vatn, Borgarflöt 2	283.577	148.281
Fasteignagjöld, Hlíðarendi	535.057	521.219
Fasteignagjöld, Borgarflöt 2	377.510	362.946
Vátryggingar, Hlíðarendi	72.460	68.841
Vátryggingar, Borgarflöt 2	52.210	63.327
Leyfisgjöld	80.250	12.505
Tölvubúnaður og forrit	15.859	35.692
Afnotagjöld sjónvarps og STEF	45.642	63.547
	<u>1.979.698</u>	<u>1.881.845</u>

Sundurliðanir

	01.11.2013	01.11.2012
	31.10.2014	31.10.2013
Annar rekstrarkostnaður:		
Kostnaður vegna þjálfara	280.000	351.439
Unglinga- og barnastarf	264.004	161.921
Kostnaður af mótum, verðlaun og keppnisgjöld	1.011.583	827.020
Árgjald GSÍ	490.200	490.200
Árgjald UMSS	37.800	37.800
Auglýsingar og kynningarkostnaður	173.387	135.070
Fundur og GSÍ þing	19.370	8.016
Ferða- og keppniskostnaður unglinga	0	244.777
Sveitakeppnir fullorðinna	217.044	357.402
Ritföng, pappír, prentun og burðargjöld	175.414	119.678
Sími og internet	133.390	120.888
Viðurkenningar og gjafir	100.000	17.600
	<u>2.902.192</u>	<u>2.871.811</u>



Lög Golfklúbbs Sauðárkróks

1.grein

Félagið heitir Golfklúbbur Sauðárkróks. Heimilifang klúbbsins er á Hlíðarenda, Sauðárkróki. Tilgangur og markmið klúbbsins er að glæða og viðhalda áhuga á golfíþróttinni á félagssvæðinu. Klúbburinn á og rekur golfvöll og golfskála og stendur fyrir golfæfingum, golfmótum og annarri félagsstarfsemi sem tengist íþróttinni. Klúbburinn er aðili að G.S.Í. og Ungmennasambandi Skagafjarðar.

2.grein

Við golfleik skal á svæði/ velli félagsins fara eftir St. Andrews golfreglum, eins og þær eru á hverjum tíma. Staðarreglur setur stjórnin eftir því sem henni þurfa þykir. Sérhverjum félagi ber skylda til að hlíta þeim reglum, sem settar verða um leik, umferð og umgengni á golfvöllum og um alla skála klúbbsins. Brot á þessari reglu getur varðað brottvísun úr klúbbum.

3.grein

Félagið er öllum opið. Inntökugjald er ákveðið af aðalfundi hverju sinni.

4.grein

Erlendir ríkisborgarar geta sótt um inngöngu í klúbbinn. Erlendi ríkisborgarar búsettir hér um stundarsakir greiði sömu gjöld og íslendingar til klúbbsins. Erlendir ríkisborgarar sem ekki eru búsettir hér á landi greiða árgjald eða ævigjald samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Erlendir ríkisborgarar bera sömu réttindi og skyldur og aðrir klúbbsmeðlimir nema hvað þeir hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundum eða almennum félagsfundum. Þá eiga þeir ekki aðild að G.S.Í. eða Í.S.Í. Farandverðlaun sem þeir kunna að vinna skulu varðveitt í klúbbhúsinu.

5.grein

Aðalfundur ákveður árgjald næsta starfsárs að fenginni tillögu stjórnar. Árgjöld eru innheimt eftir sérstökum reglum er aðalfundur samþykkir hverju sinni. Þeir sem ekki standa í skilum með árgjöld sín hafa fyrirgert rétti sínum sem félagar klúbbsins og fá m.a. ekki að taka þátt í keppni, fyrr en gjaldið hefur verið greitt eða samið um greiðslu þess. Hafi félagi ekki staðið skil á gjöldum sínum um áramót, er stjórn heimilt að strika hann út af félagaskrá. Úrsögn er annars bundin við áramót enda berist hún skriflega til ritara fyrir lok desember.

6.grein

Stjórnin ákveður vallargjald utanfélagsmanna. Hún skal að jafnaði leita eftir gagnkvæmum ókeypis aðgangi að völlum annara klúbba og auglýsa þau sambönd rækilega.

7.grein

Stjórn klúbbsins skipa 7 menn: formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður, form. mótanefndar, form. vallanefndar og form. unglinganefndar. Þeir skulu kosnir á aðalfundi, formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára í senn, þrír á hverju ári. Einnig skal kjósa 3 varamenn í stjórn til eins árs í senn. Fráfarandi stjórn sér um undirbúning kosninga. Endurkjósa má alla stjórnarmenn, en ekki eru þeir skyldugir að gefa kost á sér til endurkjörs.

8.grein

Stjórn ákveður sjálf starfstílhögun sína sbr. 9. gr. Hún getur ráðið sér launaða aðstoð og fær bein útgjöld greidd úr félagssjóði en starfar sjálf launalaust. Stjórnin kemur fram fyrir hönd klúbbsins í fullu umboði hans í öllum málum sem hann varðar. Þó þarf samþykki félagsfundar til stórra ákvarðana, sem geta haft mikil fjárútlát í för með sér. Stjórnin getur tilnefnt heiðursfélaga ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda fái hún fundar samþykkt fyrir því. Stjórnin skal rækta samband við klúbbfélaga og kynna þeim mikilsverð mál er varðar starfsemi klúbbsins á félagsfundum, eða með öðrum tiltækum hætti.



9.grein

Á vegum stjórnar skulu að jafnaði starfa þessar nefndir: 1. Mótanefnd, 2. Vallarnefnd, 3. Forgjafarnefnd, 4. Aganefnd, 5. Unglinganefnd, 6. Húsnefnd, 7. Fjáröflunarnefnd, 8. Kynningar og nýliðanefnd, 9. Skemmtinefnd. Í hverri þessara nefnda skulu að jafnaði vera 3 – 5 menn, tilnefndir eða kosnir á aðalfundi. Fjórar fyrst töldu nefndirnar starfa skv. reglum G.S.Í. en aðrar skv. fyrir mælum stjórnar og/eða aðalfundar.

10.grein

Aðalfund skal halda í nóvember ár hvert. Til hans skal boðað skriflega, eða á annan hátt sem stjórnin telur fullnægjandi. Tillögur til lagabreytinga, eða breytinga á starfsháttum skulu hafa borist fyrir 10.október ár hvert. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá. Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum klúbbsins.

11.grein

Reikningsár klúbbsins er 1.nóvember til 31.október. Endurskoðaðir reikningar klúbbsins skulu lagðir fyrir aðalfund til samþykktar.

12.grein

Þessi eru störf reglulegs aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar og nefnda
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar og varamanna.
5. Kosning í aðrar nefndir samanber 9.grein.
6. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
7. Kosning fulltrúa á Golfþing G.S.Í og þing U.M.S.S.
8. Ákvörðun inntökugjalds
9. Ákvörðun félagsgjalda
10. Önnur mál.

13.Grein

Aðalfundur er löglegur og ályktunarhæfur um öll málefni klúbbsins sé löglega til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum. Atkvæðarétt hafa þeir félagar, sem náð hafa 16 ára aldri. 2/3 hluta atkvæða þarf til þess að samþykkja breytingar á lögum.

14.Grein

Sérstakur fundur þarf að ákveða hvort klúbburinn hætti starfi. Til þess að slík ákvörðun teljist lögmæt þurfa 2/3 hlutar félagsmanna að vera á fundi og 2/3 hlutar viðstaddra að samþykkja tillögu þess efnis. Sé þátttaka ekki næg má boða til nýs fundar inna 3ja vikna og er hann ályktunarhæfur um þetta mál sé hann löglega boðaður enda þótt fyrrgreindri fundarþátttöku sé ekki náð.

15.Grein

Þannig samþykkt á aðalfundi 24.nóvember 2011.



Nefndir og stjórn gss starfsárið 2014

Formaður, 2013-2014: Pétur Friðjónsson

Varaformaður, 2013-2015: Halldór Halldórsson

Ritari, 2013-2015: Dagbjört Rós Hermundsdóttir

Gjaldkeri, 2012-2014: Ragnheiður Matthíasdóttir

Varamenn í stjórn, 2013-2014:

Ásmundur Baldvinsson, 2013-2014

Frímann Guðbrandsson, 2013-2014

Guðmundur Ragnarsson, 2013-2014

Mótanefnd:

Sigríður Elín Þórðardóttir, formaður 2012-2014

Dagbjört Hermundardóttir

Árný Lilja Árnadóttir

Gunnar Sandholt

Vallarnefnd:

Rúnar Vífilsson, formaður 2012-2014

Haraldur Friðriksson.

Þröstur Friðfinnsson

Guðmundur Þór Árnason, vallarstjóri

Forgjafarnefnd:

Rafn Ingi Rafnsson, formaður

Halldór Halldórsson

Aganefnd:

Halldór Halldórsson, formaður

Einar Einarsson

Reynir Barðdal

Stefán Pedersen

Unglinganefnd:

Hjörtur Geirmundsson, formaður 2013-2015

Árný Lilja Árnadóttir

Kristján Jónasson

Kári Árnason

Hanna Dóra Björnsdóttir

Helga Jónína Guðmundsdóttir

Þjálfari/kennari

Hús- og sjoppunefnd:

Gunnar Sandholt

Margrét Stefánsdóttir

Fjáröflunarnefnd:

Pétur Friðjónsson

Hjörtur Geirmundsson

Kynningar- og nýliðanefnd:

Dagbjört Hermundardóttir, formaður

Herdís Á Sæmundardóttir

Einar Ágúst Gíslason

Skemmtinefnd:

Byggingar- og skipulagsnefnd:

Ásgeir Einarsson, formaður

Guðmundur Ragnarsson

Steinar Skarphéðinsson

Haraldur Friðriksson

Magnús Rögnvaldsson

Guðmundur Þ. Árnason

Sveitastjórar:

Jóhann Bjarkason

Árný Lilja Árnadóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Haraldur Friðriksson

Þröstur Friðfinnsson

Vara skoðunarmenn reikninga:

Sigmundur Guðmundsson

Hjörtur Geirmundsson



Tillaga stjórnar: félagsgjöld og gjaldskrá gss árið 2015

* Innifalið í gjaldi er kr.5.000 inneignarávísun fyrir hvern félag 20 ára og eldri vegna verslunar í skála þannig að ekki er um eiginlega hækun á félagsgjaldi að ræða milli áranna 2014 og 2015

	2014	2015		2014	2015
Fullt gjald einstaklings*	43.000	48.000	Byrjendur	24.200	29.200
Hjónagjald*	64.000	74.000	Byrjendur	36.800	46.800
Fjölskyldugjald*	71.400	81.400	Byrjendur	42.000	52.000
67 ára og eldri*	24.200	29.200			
16-19 ára og nemar	24.200	24.200			
13-15 ára, æfinga og aðstöðugjald	18.900	18.900			
12 ára og yngri, æfinga og aðstöðugjald	15.700	15.700			
Daggjald einstaklings	3.700	3.700			
Daggjald hjóna	5.200	5.200			
Níuholugjald einstaklings	2.100	2.100			
Níuholugjald hjóna	3.400	3.400			
Helgarpassi einstaklings	5.800	5.800			
Helgarpassi hjóna	8.600	8.600			
Helgarpassi fjölskyldu, viðbótargjald fyrir hvern einstakling umfram	4.700	4.700			
Vikugjald einstaklings	8.900	8.900			
Vikugjald hjóna	14.400	14.400			
Sumargjald einstaklings	36.800	36.800			
Sumargjald hjóna	49.300	49.300			
Aukaaðild að klúbbum	30.500	30.500			
Leiga á kylfum	2.000	2.000			
Leiga á kerru	500	500			
* Hópar sem vilja loka velli 9holur (2,5klst.)	90.000				
** Hópar sem vilja loka velli 18holur (5klst.)	160.000				
-félagsheimili á Hlíðarenda og veitingar ekki innfaldar					

GOLFKLÚBBUR SAUÐÁRKRÓKS
HLÍÐARENDAVÖLLUR ~ 550 SAUÐÁRKRÓKUR
WWW.GSS.IS ~ SIMI: 453 5075 ~ gss@gss.is
KT.: 570884-0349 ~ BANKI: 1125-26-72